



HÁSKÓLI ÍSLANDS
KENNSLUMIÐSTÖÐ

Fréttablað Kennslumiðstöðvar

sept. 2014
3. árgangur, 1. tölublað



Kennslukannanir

Jafnréttisstefna HÍ

Moodle 2,6

Sambland og blandað nám

MOOC

Sjálfbærni

Kennslumálanefnd háskólaráðs

Gagnrýnin hugsun og siðfræði í kennslu

Efnisyfirlit

Kennslugátlistar í takt við jafnréttisstefnu HÍ.....	4
Gagnrýnin hugsun og siðfræði í kennslu.....	6
Reynsla og viðhorf núverandi nemenda af námi við HÍ.....	8
Hagnýting kennslukannanna.....	12
Miðmísseriskönnun í HÍ.....	14
Kennarar taka mark á kennslukönnun.....	16
Róbert Haraldsson horfir um öxl, formannsskipti í kennslumálanefnd háskólaráðs.....	20
Kerfisbundin efling kennsluþróunar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.....	24
Opið erlent netnámskeið fléttað inn í námskeið við HÍ.....	26
Netnámskeið um sjálfbærni öllum opið.....	28
Ritstuldavarnir í íslenskum háskólum.....	30
Aukning í skönnun fjölvalsprófa við HÍ.....	33
eMission.....	34
Sambland og blandað nám	36
Moodle 2,6.....	38
Nýtt húsnæði Kennslumiðstöðvar.....	40
Starfsfólk Kennslumiðstöðvar.....	43

Ritstjórapistill

Guðrún Geirsdóttir

Við öslum gullin lafin á göngunni, þylum þeim upp í leik og ég segi frá fallinni spýtu og stórfiscaleik. Hvílum okkur smástund í rólunum þar sem hann spyr: „Var allt betra í gamla daga amma?“ „Nei segi ég, þú varst til dæmis ekki til.“ Ég tek samræðurnar úr rólunni með mér inn í vinnudaginn á Kennslumiðstöð. Þar er hefðbundinn hausterill og laufblöðin þylast líka inn á ganginn á Aragötu þegar gestir koma og fara. Kennarar leita sér aðstoðar við ýmis mál og upptökuklefinn er þétt setinn. Lokið er dagskyningu fyrir nýja kennara sem fylltu miðstöð-ina af hlátri og skvaldri – við eigum vonandi eftir sjá þá marga aftur í vetur.

Tuttugu kennarar eru skráðir á námsleið í háskóla-kennslufræði og umræðan á umræðuvef námskeiðs er býsna fjörug og áhugaverð. Félagar þeirra sem útskrifuðust með diplómu í háskólakennslufræði í vor ætla að hittast í vikunni til að undirbúa kynningar á rannsóknum sínum á Menntakvikunni. Í síðustu viku borðuðum við pizzu með 30 nemendum í VoN sem sinna dæmatímakennslu. Þeir voru á námskeiði um kennslufræði og létu ekki einu sinni landsleik Íslands við Tyrkland trufla sig. Framundan eru fundir með kennslunefndum fræðasviða, deildarforsetum, og fulltrúum deilda sem leita til okkar vegna sjálfsmatsins.

Fréttablað Kennslumiðstöðvar þetta haustið ber vaxandi áhuga háskólafélks á kennslu og gæðum hennar gott vitni og dregur jafnframt fram fjölbreytni þeirra verkefna sem verið er að vinna að innan háskólans. Áhersla á mat á gæði kennslu og upplýsingatækni er einna sýnilegust. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir segir frá helstu niðurstöðum kannana Félagsvísindastofnunar á viðhorfum nemenda til gæða náms og kennslu en með þeim könnunum hefur HÍ eignast dýrmæt gögn sem nýta má til kennsluþróunar. Kennslukönnun fær einnig ítarlega umfjöllun í blaðinu. En taka kennarar yfirhöfuð mark á niðurstöðum kennslukönnunar? „Já“, segir Ingvar Sigur-



Guðrún Geirsdóttir deildarstjóri Kennslumiðstöðvar og dósent á MVS

„Í síðustu viku borðuðum við pizzu með 30 nemendum í VoN sem sinna dæmatímakennslu. Þeir voru á námskeiði um kennslufræði og létu ekki einu sinni landsleik Íslands við Tyrkland trufla sig.“

geirsson, formaður kennsluráðs Menntavísindasviðs en hann gerir grein fyrir könnun á viðhorfum kennara fræðasviðsins til könnunarinnar. Í stuttu máli kom í ljós að kennarar fræðasviðsins telja niðurstöður kennslukannana marktækar og nýta sér þær talsvert til að þróa eigin kennsluhætti. „Já“, segir líka Sigurður Magnús Garðarsson fyrrum deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar og hann deilir með lesendum því verklagi sem deildin hefur komið sér upp til að nýta sem best niðurstöður kennslukönnunar. Miðmissis-könnun var lögð fyrir nemendum skólans í fyrsta sinn haustið 2013 en er nú orðin hluti af formlegu gæðakerfi háskólans. Hjálmtýr Hafsteinsson, formaður kennslunefndar VoN deilir með lesendum ýmsum góðum ábendingum um hvernig vinna megi með niðurstöður þeirrar könnunar. Tvær greinar fjalla sérstaklega um tilraunir kennara til að nýta upplýsingatæknina nemendum sínum til gagns. Guðrún Pétursdóttir hefur verið tíður

gestur í upptökulefa í Kennslumiðstöðvar og af-raksturinn er spennandi netnámskeið um sjálfbærni sem er öllum opið. Eiríkur Rögnvaldsson segir hins vegar frá tilraun sinni til að flétta s.k. MOOC (e. Massive Open Online Courses) netnámskeið inn í hefðbundið námskeið sitt *Tölvur og tungumál*. Undir þennan hatt fellur einnig stutt frásögn af námskeiði og ráðstefnu um blandaða kennslu frá síðasta vori. Þá eru ótaldar greinar um jafnrétti, eflingu gagnrýnnar hugsunar og ekki síst viðtal við Róbert Haraldsson sem gegnt hefur formennsku í kennslumálanefnd Háskóla Íslands síðustu sex árin. Í viðtalinu lítur Róbert um öxl, segir frá helstu verkefnum nefndarinnar undir hans formennsku og horfir jákvæðum augum til framtíðarþróunar kennslumála.

Ég tíni upp einmana lauf sem hefur laumað sér inn á skrifstofuna mína, set punktinn á pistilinn og hugsa: „Já, það er sannarlega margt betra núna en í gamla daga.“

Kennslugátlistar í takt við nýja jafnréttisáætlun HÍ

Svandís Anna Sigurðardóttir fyrrum jafnréttisfulltrúi HÍ

Fyrr á þessu ári samþykkti háskólaráð nýja jafnréttisáætlun Háskóla Íslands. Jafnréttisáætlunin kemur í stað fyrri jafnréttisáætlunar, stefnu í mál-efnum fatlaðra og stefnu gegn mismunun. Leiðarljós jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands 2013-2017 er að tryggja öllum stúdentum og starfsfólki Háskóla Íslands jafnan rétt og jafna stöðu og stuðla að virkri þátttöku þeirra innan háskólasamfélagsins.

Nýja áætlunin tekur mið af jafnrétti í víðum skilningi, þ.e. hún einblínir ekki á kyn heldur miðar hún að því að allir einstaklingar fái notið réttinda sinna innan skólans án mismununar á grundvelli ólíkrar félagslegrar stöðu svo sem vegna kyns, kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, heilsufars, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, uppruna, trúarbragða, skoðana, menningar eða stöðu að öðru leyti. Eins og sjá má er verið að beina sjónum að mörgum hópum og er jafnrétti skilgreint vítt.

og ákvarðanatöku. Með útvíkkun á jafnréttishug-takinu á nú að samþætta jafnréttissjónarmið, þ.e. að tryggja að allar ofantaldar félagslegar stöður verði samþætta við stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku innan Háskóla Íslands. Ásamt því að samþætting jafnréttissjónarmiða er meginmarkmið jafnréttisáætlunarinnar, hvílir einnig lagaskylda á skólanum í þessum efnunum. Í 2. gr. laga nr. 10/2008 er kynjasamþætting skilgreind þannig „[a]ð skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn jafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu“.

Hugtakið samþætting virðist flækjast fyrir mörgum, ef marka má skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008-2011. Í henni kemur fram að margir vita af markmiðum

„Nýja áætlunin tekur mið af jafnrétti í víðum skilningi, þ.e. hún einblínir ekki á kyn heldur miðar hún að því að allir einstaklingar fái notið réttinda sinna innan skólans án mismununar á grundvelli ólíkrar félagslegrar stöðu.“

Til þess að fylgja eftir nýju jafnréttisáætluninni er mikilvægt að fólk hafi og/eða sé tilbúið að afla sér þekkingar á jafnréttismálum. Án skilnings á því að mismunun, bæði bein og óbein, geti grundvallast á margvíslegum meðfæddum, félagslegum og menningarbundnum þáttum, er ólíklegt að mikil framþróun í jafnréttismálum muni eiga sér stað.

Meginmarkmið nýju jafnréttisáætlunarinnar eru að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða í öllu starfi Háskóla Íslands, hlúa að fjölbreyttum mannaúði skólans, taka fullt tillit til jafnréttissjónarmiða við skipulag náms, í kennslu og í rannsóknunum og taka fullt tillit til jafnréttissjónarmiða við framkvæmd stjórnsýsluverkefna. Markmiðin eru metnaðarfull en að ná þeim krefst vilja og þátttöku allra innan skólans.

Eins og í fyrri jafnréttisáætlun er áhersla lögð á samþættingu, en þá var stefnt að því að samþætta kynjasjónarmið við alla stefnumótun, áætlanagerð

skólans um samþættingu og telja að það sé unnið að þeim, en fáir virðast hafa skilning á því hvað samþætting felur í sér.

Beiting samþættingar jafnréttissjónarmiða krefst þess að fólk átti sig á mismunandi félagslegri stöðu hópa í samfélaginu og hvernig ákvarðanir, áætlanir og stefna geta haft ólík áhrif á þá. Samþætting krefst þess að fólk hafi „jafnréttisglæraugun“ uppi. Einfalt dæmi er að skoða ákvörðun um að halda fund eftir að hefðbundnum vinnutíma lýkur. Líklegt er að slíkt geti haft neikvæð áhrif á fólk með fjölskylduábyrgð, sérstaklega barnafólk. Þegar jafnréttisglæraugun eru sett upp bætist svo við að það eru konur sem oftast bera meginþungann af fjölskylduábyrgð. Tímasetningin getur einnig komið sér illa fyrir fatlað fólk sem nýtir sér ferðaþjónustu. Þá getur staðsetning fundar og aðstaðan á fundarstað orðið til þess að útiloka fatlað fólk frá því að taka þátt. Einföld ákvörðun á borð við stund og stað fyrir fund, sem á yfirborðinu

virðist ganga jafnt yfir alla, getur þar af leiðandi falið í sér óbeina mismunun. Með því að samþætta jafnréttis-sjónarmið við ákvarðanatökur, þ.e. með því að þekkja eða kynna sér stöðu mismunandi hópa og skoða hvaða áhrif tilteknar ákvarðanir geta haft á þá, er hægt að koma í veg fyrir mismunun sem oft leynir á sér.

Til þess að auðvelda kennurum Háskóla Íslands að samþætta jafnréttissjónarmið við kennslustörf sín, sem og til að svara kallinu eftir skýrari dæmum og tækjum og tólum til að hjálpa við slíkt, hefur jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, í samvinnu við jafnréttisnefnd háskólaráðs, útbúið gátlista fyrir samþættingu jafnréttissjónarmiða við kennslu. Gátlistinn tekur mið af jafnrétti í víðum skilningi en í honum eru punktar sem sameina hugmyndir úr *Handbók kennara, Skref til skilnings* (handbók um aðgengi fatlaðra stúdenta og stúdenta með sértæka námsörðugleika að háskólanámi), jafnréttisáætlun HÍ, sem og úr rannsóknum og upplýsingum um samþættingu. Gátlistinn nær til margra hliða kennslustarfsins, t.d. kennsluáætlanu, kennslurýmis, samskipta við og meðal nemenda, námsmats, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni o.fl. Hann er einfaldur og skýr, en á sama tíma afgerandi og kallar á breytingar.

Sum atriði gátlistans eiga alltaf við, önnur eru aðstæðubundin. Mikilvægt er að kennarar kynni sér hann allan og reyni eftir bestu getu að fylgja honum í heild sinni. Markmiðið með honum er að skapa virkt jafnrétti (en ekki jafnrétti sem er einungis að orðinu til) sem bæði nemendur og kennarar njóta góðs af.

Dæmi úr gátlista fyrir kennara:

Setja efni eftir bæði konur og karla á lesefnisListann. Þegar verið er að velja kennsluefni námskeiðs skal gæta kynja-sjónarmiða og reyna að hafa kynjahlutfall höfundu sem jafnast. Slíkt eykur sýnileika og stöðu þess kyns sem er í minnihluta í greininni. Einnig skal huga að öðrum breytum, t.d. kynþætti, kynhneigð og uppruna höfundu sem gætu haft áhrif á sýn og nálgun þeirra að efninu.

Athuga aðgengi nemenda að kennslustofunni.

Aðgengi er eitt helsta áhyggjuefni nemenda sem notast við hjólastól eða hafa takmarkaða hreyfigetu. Ef kennslustofa er óaðgengileg fyrir nemanda í námskeiði mun deildarskrifstofa útvega aðra stofu eða þrýsta á að úrbætur verði gerðar. Framkvæmda- og rekstrarsvið

Háskólans sér um úrbætur í aðgengismálum á háskóla-svæðinu.

Nota myndefni sem endurspeglar fjölbreytileika.

Myndefni sem er notað í kennslu skal sýna og endurspeglu ofangreinda fjölbreytni. Gott er að fara yfir kennsluefni, sérstaklega glærur, og sjá til þess að í þeim birtist t.d. ekki einungis hvít gagnkynhneigð ófötluð pör og karlar í svokölluðum karlastörfum og öfugt.

Virða nafnaval nemenda og nota rétt fornöfn.

Það er mikilvægt að fara að óskum nemenda um nafn og fornöfn. Sumir nemendur kjósa e.t.v. nafn og fornafn sem virðist ekki samsvara kyni þeirra og er ólíkt því sem birtist á nafnalista. Kennurum sem og öðrum ber að virða óskir nemenda, en þeir hafa fullt vald yfir eigin kyni og nafnavali.

Stefnt er að því að útbúa fleiri gátlista fyrir aðra hópa starfsfólks innan skólans. Einnig er markmiðið að gera þá



Svandís Anna Sigurðardóttir fyrrum jafnréttisfulltrúi HÍ

aðgengilega á innri vefnum, ásamt frekari upplýsingum og útskýringum sem snúa að jafnrétti og samþættingu. Hægt er að nálgast gátlistann á heimasíðu Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands (kemst.hi.is) og jafnréttisfulltrúa HÍ. Einnig verður hann aðgengilegur á innri vef háskólans innan tíðar.

Gagnrýnin hugsun og siðfræði í kennslu

Henry Alexander Henrysson verkefnastjóri hjá Siðfræðistofnun HÍ

Reynsla mín af því að spyrja kennara og nemendur við Háskóla Íslands út í gagnrýna hugsun og siðfræði sem hluta af faglegu námi hefur verið á þá leið að þessir þættir séu fjarri því að vera fólki ofarlega í huga. Svörin sem ég hef fengið hafa gjarnan verið fremur ómarkviss og einkennst af lauslegum hugmyndum um að nemendur eigi að læra að hugsa sjálfstætt og að þeir eigi að tileinka sér ákveðin vinnubrögð sem fela meðal annars það í sér að nýta ekki texta annarra án þess að gera grein fyrir því. Markmið þessara lykilþátta í háskóla-kennslu virðast með öðrum orðum vera að nemendur spyrji spurninga á tímum og stundi ekki ritstuld.

Ástæða þess að ég hef verið að skoða þessa þætti í kennslu er að Siðfræðistofnun hefur verið fengin til að styðja við þann þátt í Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 að „[ö]ll fræðasvið og deildir setji sér markmið og skilgreini leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfaganrýna hugsun.“ Einn hvati þessa þátta í stefnu skólans er vafalaust lærdómur úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 um að „[í] skólum landsins þarf að styrkja ábyrgðarkennd nemenda gagnvart samfélaginu, efla gagnrýna hugsun og vitund þeirra sem borgara í lýðræðissamfélagi“. Grundvallarhugmyndin með því að setja þennan þátt í stefnu HÍ er að allir nemendur skólans útskrifist með persónulega, fræðilega og félagslega hæfni sem tengist gagnrýninni hugsun og siðfræði. Dæmi um slíka hæfni gæti meðal annars verið að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í skoðanamyndun, geti séð fyrir afleiðingar þess að breyta í samræmi við skoðanir sínar, taki rökstudda afstöðu til siðferðilegra álitamála, forðist afstöðu sem hindrar sýn á fleiri hliðar hvers máls og standist þá freistingu að beita þekkingu sinni í annarlegum tilgangi.



Henry Alexander Henrysson

Til þess að ofangreind hæfniviðmið náist verður auðvitað að kenna ákveðin atriði sem nemendur öðlast skilning á og leikni í. Þar vandast málið nokkuð. Skilgreiningar á gagnrýninni hugsun hafa til dæmis lengi verið á reiki; „að vera athugull á allar hliðar hvers máls“ er líklega sú sem flestir geta verið sammála um að einkenni einstakling sem hugsar á gagnrýninn máta. Einnig getur verið flókið að gera sér grein fyrir hvað átt er við með „þjálfun“ í gagnrýninni hugsun. Ein leið til þess að nemendur fái slíka þjálfun er að venja þá við að spyrja sig ákveðinna spurninga þegar þeir leggja mat á gildi skoðunar eða fullyrðingar. Þessar spurningar eru:

1. Hvað er til umræðu og rannsóknar; hvert er umræðuefnið?
2. Hvers vegna er þetta til umræðu?
3. Stangast þessi nýja skoðun á við annað í hugmyndaheimi mínum?
4. Skil ég hugtökin sem liggja skoðuninni til grundvallar?
5. Skil ég gögnin sem liggja skoðuninni til grundvallar?
6. Hvernig er skoðunin rökstudd?
7. Hvað hefði það í för með sér ef ég breytti í

samræmi við þessa skoðun?

Langt mál mætti svo hafa um hverja þessara spurninga og sumar mætti orða á annan hátt ef samhengið krefst þess, en að spyrja sig þeirra kemst býsna nærri því að skoða mál frá öllum hliðum.

Sambætting siðfræði og faglegs náms hefur heldur ekki þótt einfalt mál og má segja að margs konar viðhorf takist á um hvernig best er að standa að þannig sambættingu. Í sem stystu máli má segja að þrjár leiðir séu algengastar og er mögulegt að leiðirnar henti ólíkum fögum mismunandi vel. Í fyrsta lagi er hægt að sjá til þess að nemendur læri um þær reglur og þau viðmið sem tengjast

faginu. Skráðar siðareglur geta verið dæmi um námsefni sem nemendur þurfa að kunna skil á. Annað námsefni af svipuðu tagi gæti falið í sér umræðu um siðferðilegar meginreglur eins og velferð og skaðleysi, sjálfræði og réttlæti. Í öðru lagi er mögulegt að nýta sér sögur sem hafa siðferðilegan boðskap til að opna augu nemenda fyrir þeim álitamálum sem bíða í lífi og starfi. Þar koma bæði til greina dæmisögur úr faginu sem og almennari bókmenntaverk. Að lokum má einfaldlega kenna siðfræði á fræðilegan máta þar sem innviðir siðferðisins eru skipulega greindir, meðal annars með hjálp kenninga. Allar þessar leiðir hafa sína kosti og galla. Mikilvægast er að gera sér grein fyrir að engin þeirra er nægjanleg. Sú síðasta er til dæmis erfiðust í framkvæmd

samfélagsins eða samfélaginu í heild sinni. Gagnrýnin hugsun er að sama skapi ákveðin siðferðileg afstaða, henni fylgir skuldbinding um að axla ábyrgð á eigin skoðanamyndun. Verkefni siðfræðinnar er einnig að bera kennsl á siðferðileg álitamál. Þar gegnir gagnrýnin hugsun lykilhlutverki. Einnig er mikilvægt að gera skýran greinarmun á öflun þekkingar og beitingu hennar. Ein helstu rökin við að tengja saman áherslur á gagnrýna hugsun og siðfræði í háskólakennslu eru að fólk íhugi hvernig það beitir þekkingu sinni.

Framundan eru spennandi tímar í Háskóla Íslands þar sem spurt verður hvernig nemendur við viljum útskrifa úr skólanum: Hvers konar hæfni þykir okkur mikilvægast að nemendur kveðji skólann með? Þar er líklegt að hæfni

„Í framtíðinni er einnig viðbúið að sífellt meiri áhersla verði lögð á siðfræði vísinda í framhaldsnámi og rannsóknnum. Slíkar áherslur munu kalla á betri undirbúning nemenda. Mikilvægast er að hver deild finni þá leið sem henni hentar þannig að nemendur hafi skýra valkosti. Ef deild ákveður að sýna gagnrýninni hugsun og siðfræði (eða öðrum þessara þátta) afskiptaleysi við skipulag námsgreina þarf sú afstaða að vera nemendum ljós í upphafi náms þeirra.“

og mögulega sú leið sem flóknast er að styðjast við á öllum sviðum skólans. Það verður þó að varast að gefa henni engan gaum enda skilningur á lykilhugtökum eins og réttindum, skyldum, frelsi og ábyrgð, sem og leikni í að beita þeim, nauðsynlegur þáttur í að geta öðlast þá hæfni sem lýst var hér að framan.

Helsta spurningin sem eftir stendur er þó þessi: Hvers vegna verði er að tengja þessa þætti saman í stefnu HÍ? Enn á ný er ekkert einfalt svar til við þeirri spurningu en þó má nefna nokkur atriði (þau eru reyndar fleiri) sem draga fram hvernig gagnrýnin hugsun og siðfræði eru tengd órofa böndum. Siðfræði er rökræða – gagnrýnin hugsun – um það siðferði sem hefur fengið að þróast og tekið sér bólfestu, hvort sem er á mismunandi sviðum

sem tengist siðferðilegri dómgreind verði ofarlega á blaði. Enn fremur verður að spyrja hvaða leiðir eru best til þess fallnar að leysa þær áskoranir sem framundan eru þannig að nemendur geti tileinkað sér þessa hæfni. Í framtíðinni er einnig viðbúið að sífellt meiri áhersla verði lögð á siðfræði vísinda í framhaldsnámi og rannsóknnum. Slíkar áherslur munu kalla á betri undirbúning nemenda. Mikilvægast er að hver deild finni þá leið sem henni hentar þannig að nemendur hafi skýra valkosti. Ef deild ákveður að sýna gagnrýninni hugsun og siðfræði (eða öðrum þessara þátta) afskiptaleysi við skipulag námsgreina þarf sú afstaða að vera nemendum ljós í upphafi náms þeirra.

Reynsla og viðhorf núverandi og fyrrverandi nemenda af námi við Háskóla Íslands

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar



Guðbjörg Andrea Jónsdóttir


Rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi tók gildi árið 2011 og kveður hún á um að á fimm ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs í landinu (Rannís, 2011). Gert er ráð fyrir því að matið nái til náms,

kennslu og prófgráða á öllum námsstigum. Gæðamatið er umbótamiðað og er mikilvægt að gæðastarf sé innbyggt í daglega starfsemi eftir því sem kostur er. Mikil áhersla er á að matið endurspegli viðhorf og reynslu núverandi og fyrrverandi nemenda en háskólar eru í sívaxandi mæli farnir að líta á nemendur sína sem samstarfsaðila fremur en viðtakendur þegar kemur að skipulagningu náms, námsmati og gæðaeftirliti. Viðhorf nemenda eru verðmæt í viðleitni æðri menntastofnana til að aðlagja háskólastarfið að breyttum kröfum þjóðfélagsins, til að mynda um aukið aðgengi að sveigjanlegu námi og þjálfun fyrir mismunandi hópa, á ýmsum aldri, sem oft hafa mörgum öðrum verkefnum og skyldum að gegna í samfélaginu á sama tíma og þeir stunda nám (Ramsden, 2008).

Frá árinu 2011 hefur Félagsvísindastofnun séð um að leggja reglulega kannanir fyrir nemendur Háskóla Íslands en þær eru fastur liður í gæðastarfi skólans. Nemendur á öðru ári í grunnnámi, meistara- og doktorsnemar og nemendur útskrifaðir ári áður en könnun er gerð hafa verið spurðir um ánægju sína með gæði námsins í heild og beðnir um að meta einstaka þætti er snerta kennslu og nám, námsmat og endurgjöf, stuðning í námi, skipulag og stjórnun, námsgögn og aðstöðu og áhrif námsins á persónulega færni. Við gerð spurningalista var tekið mið af *National Student Survey* (<http://www.hefce.ac.uk/whatwedo/lt/publicinfo/nss/>) og *Destination of Leavers from Higher Education* (<http://www.hefce.ac.uk/whatwedo/lt/publicinfo/dlhe/>) í Bretlandi. Niðurstöður úr bresku könnuninum eru birtar opinberlega eftir skólum og deildum og gefur það deildum innan Háskóla Íslands því möguleika á samanburði við sambærilegar breskar einingar.

Almenn ánægja nemenda með námið við Háskóla Íslands er nokkuð mikil. Hátt í níu af hverjum tíu annars árs nemendum segjast vera mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar á heildina er litið er ég ánægð/ur með námið“. Meistararnemar eru ekki alveg eins ánægðir og grunnnemar og doktorsnemar eru síður ánægðir en meistararnemar. Töluvert minni ánægja er meðal þeirra sem eru nýútskrifaðir úr grunnnámi heldur en eru í því, en minni munur er hins vegar á ánægju núverandi framhaldsnema og þeirra sem eru nýútskrifaðir. Eins og sjá má á mynd 1 hafa ekki orðið miklar breytingar á milli ára þó heldur hafi dregið


úr ánægju nemenda sem hafa útskrifast milli áráanna 2012 og 2013 (þ.e. útskrifaðir nemendur árið 2011 samanborið við útskrifaða nemendur árið 2012).



Mynd 1 Almenn ánægja nemenda með gæði náms við HÍ 2011-2013

Þrátt fyrir að ánægja sé almennt minnst meðal doktorsnema er það breytilegt eftir fræðasviðum og eru doktorsnemar á Heilbrigðisvísindasviði og á Hugvísindasviði t.a.m. flestir ánægðir með gæði námsins (sjá mynd 2).


Mynd 2 Almenn ánægja nemenda með gæði náms við HÍ 2013 eftir sviðum



Til að meta þá þætti sem taldir eru hafa mest áhrif á almenna ánægju með gæði námsins eru 20 spurningar lagðar fyrir. Þær mæla viðhorf nemenda til kennslu og náms (fjórar spurningar), námsmats og endurgjafar (fimm spurningar), stuðnings í námi (tvær spurningar), skipulags og stjórnunar (þrjár spurningar), námsgagna og aðstöðu (þrjár spurningar) og persónulegrar færni (þrjár spurningar). Súluur í mynd 3 sýna meðalhlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingum þáttanna. Eins og sjá má er


ánægja með einstaka þætti minni heldur en heildaránægja með námið. Námsmat og endurgjöf sker sig nokkuð úr og eru einungis 61% nemenda árið 2013 að jafnaði sammála fullyrðingum þessa þáttar en það eru t.d. fullyrðingarnar „Endurgjöf á verkefni mín hefur verið innan eðlilegra tímamarka“ og „Ég hef fengið ítarlega umsögn um verkefni mín“.

Mynd 3 Almenn ánægja annars árs nemenda með gæði náms og einstaka þætti þess við HÍ árin 2011-2013



Þær tvær einstöku breytur sem hafa sterkasta fylgni við almenna ánægju annars árs nemenda með gæði námsins eru breytur sem tengjast þáttunum námi og kennslu annars vegar og persónulegri færni hins vegar. Þeir nemendur sem segja kennarana vekja áhuga nemenda á námsefninu eru líklegri til að vera ánægðir með gæði námsins í heild. Töluverður munur er á svörum nemenda við þessari spurningu eftir fræðasviðum og raunar er einnig mikill munur eftir deildum innan sviða en mynd 4 sýnir niðurstöður eftir fræðasviðum. Þar má sjá að færri nemendur telja kennara vekja áhuga nemenda á efninu árið 2013 heldur en 2011, á öllum fræðasviðum að Heilbrigðisvísindasviði undanskildu.

Það hvort námið hafi aukið sjálfsöryggi nemenda hefur einnig sterka fylgni við almenna ánægju með gæði námsins. Á mynd 5 má sjá að töluverður munur er á því eftir fræðasviðum hvort nemendur telji námið hafa aukið sjálfsöryggi sitt, en í heild eru um sjö af hverjum tíu annars árs nemum sem telja að svo sé. Lítil breyting hefur orðið á þessu hlutfalli á milli ára nema á Heilbrigðisvísindasviði þar sem þeim fjölgaði mikið á milli árána 2011 og 2012 sem töldu námið hafa aukið sjálfstraust sitt en fækkaði síðan nokkuð aftur milli árána 2012 og 2013 og á Hugvísindasviði þar sem þeim fækkar til muna sem telja svo vera.




Mynd 4 Annars árs nemendur við HÍ árin 2011-2013 sem eru sammála fullyrðingunni „Kennararnir vekja áhuga nemenda á námsefninu“

Mikil áhersla hefur verið lögð á það í stefnu Háskóla Íslands undanfarin ár að auka fjölbreytni í kennsluháttum. Það eru því nokkur vonbrigði að sjá að verulega hefur dregið úr fjölda þeirra nemenda sem telja kennsluhætti vera fjölbreytta (sjá mynd 6).

Hér hefur einungis verið stiklað á stóru um niðurstöður kannana á viðhorfum og reynslu nemenda við Háskóla Íslands árin 2011 til 2013 og einkum fjallað um viðhorf nemenda á öðru ári í grunnnámi en lítið um önnur námsstig. Miklar upplýsingar felast í þessum könnunum og er brýnt að þær séu ekki einungis nýttar í sjálfsmati deilda sem gert er á fimm ára fresti heldur sé notkun þeirra fastur liður í umbótastarfi hversrar deildar og fræðasviðs fyrir sig. Í þeim tilgangi fá allar deildir

Mynd 5 Annars árs nemendur við HÍ árin 2011-2013 sem eru sammála fullyrðingunni „Námið hefur aukið sjálfsöryggi mitt“




skólans árlega skýrslu með niðurstöðum deildarinnar í samanburði við aðrar deildir innan sama fræðasviðs og við Háskólann í heild. Vinna er jafnframt hafin við að skoða tengsl á milli viðhorfa nemenda og ýmissa þátta í aðbúnaði og skipulagi deilda, s.s. fjölda nemenda á hvern fastráðinn kennara, fjölda stundakennara, o.fl. Þessar upplýsingar hafa veigamiklu hlutverki að gegna í mati á starfi Háskóla Íslands og sem grunnur að stefnumótun til næstu ára.

Heimildir:

Ramsden, P. (2008). *The future of higher education teaching and the student experience*, London: Department of Business, Innovation and Skills.

Rannís. (2011). *Quality enhancement handbook for Icelandic higher education*, Reykjavík: Höfundur.



Mynd 6 Annars árs nemendur við HÍ árin 2011-2013 sem eru sammála fullyrðingunni „Kennsluhættir eru fjölbreyttir“

Kennsluverðlaun Háskóla Íslands 2014

Baldur Sigurðsson dósent á Menntavísindasviði er handhafi kennsluverðlauna Háskóla Íslands 2014. Í umsögn valnefndar segir að hann sé farsæll kennari sem hafi þróað og leiðbeint um skapandi aðferðir í ritun, stafsetningar- og málfræðikennslu og haldið fjölda erinda og námskeiða um efnið. Eitt viðamesta framlag hans var að koma á fót og leiða *Stóru upplestrarkeppnina*. Baldur hefur verið frumkvöðull í þróun námsmats í háskólakennslu og er einn af helstu sérfræðingum Háskóla Íslands um Bolognaferlið. Hann hefur ritað, rætt og leiðbeint um vinnuálag í námskeiðum og verið Kennslumiðstöð stoð og stytta í þeim efnum. Baldur stóð einnig að stofnun og frekari þróun Ritvers á Menntavísindasviði sem aðstoðar nemendur í ritunarferli sem oft getur tekið á. Baldur hefur ætíð verið vel tengdur vettvangnum í kennslu sinni og er sérstaklega annt um nemendur, það sýnir m.a. frumkvöðlastarf hans í að koma verk-efnavöku á við Háskóla Íslands.

Við í Kennslumiðstöð erum stolt af okkar manni sem ætíð er boðinn og búinn til að annast fræðslu fyrir háskólakennara á okkar vegum. Við óskum Baldri til hamingju með verðug verðlaun.



Baldur Sigurðsson tekur við verðlauninum.
Mynd Arnaldur Halldórsson.

Hagnýting kennslukannana

Sigurður Magnús Garðarson fyrrum deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar HÍ

Sýn Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar á kennslukannanir Háskóla Íslands er að þær skili mikilvægum upplýsingum sem hægt er að nota á kerfisbundinn hátt til að fylgjast með og bæta kennslu við deildina. Deildin hefur því þróað og notað undanfarin ár, verklag þar sem að nemendur, kennarar og stjórnendur deildarinnar fjalla um niðurstöður kennslukannana. Í verklaginu er brugðist við þeim atriðum sem betur mega fara og er það einnig notað til að draga fram það sem vel er gert.

Verklagið felur í sér fjóra þætti: 1) Deildarforseti fer yfir niðurstöður kennslukannana að loknu hverju misseri. Haft er samband við kennara og umsjónarkennara þeirra námskeiða sem koma slakast út í kennslukönnun til að fá skýringar og ræða hvort grípa þurfi til einhverra sérstakra ráðstafana eða breytinga áður en námskeiðið verður kennt næst; 2) Á deildarfundi er stóra myndin af niðurstöðunum sett fram einu sinni á ári og þar gefst akademískum starfsmönnum og fulltrúum nemenda færi á að fjalla almennt um niðurstöður deildarinnar. Þær eru bornar saman við heildarniðurstöður annarra deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem og við önnur svið innan Háskóla Íslands; 3) Deildarforseti býður fulltrúum nemanda á fund einu sinni á ári, ásamt varadeildarforseta, þar sem öll námskeið eru skoðuð í viðmóti Uglunnar (varpað upp á skjá). Fulltrúar nemenda, tveir til þrír valdir af stjórn nemenda-

félags deildarinnar, hafa brugðist mjög vel við þessu og taka hlutverk sitt á fundinum alvarlega. Þessir fundir eru oft langir en mjög gagnlegir og fram koma margar athugasemdir sem nýtast vel. Á þessum fundum byggist upp traust við nemendur og eru þeir upplýstir um aðgerðir sem farið hefur verið í til að bregðast við ábendingum. Það ríkir trúnaður um það sem rætt er og því hægt að tala opinskátt um það sem helst brennur á nemendum; 4) Deildarforseti fer yfir kennslukannanir í starfsmannaviðtölum og ræðir mögulegar úrlausnir og breytingar eftir því sem þörf er á.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild hefur á að skipa mjög hæfum kennurum og hópi stundakennara sem halda tryggð við deildina og leggja fram verðmæta kennslu af góðum gæðum. Kennslan er því almennt í lagi en óhjákvæmilega koma upp mál af ýmsum toga sem bregðast þarf við til að viðhalda kennslugæðum. Til þess að hægt sé að gera það á skilvirkan hátt þá eru þau gögn sem safnað er saman í kennslukönnuninni lyklatríði. Því er mikilvægt að nemendur upplifi könnunina sem raunverulega leið til að koma á framfæri uppbyggilegum athugasemdum.

Það getur verið erfitt að mæla hvort verklagið skili árangri en þó liggja fyrir nokkrar vísbendingar sem gefa til kynna að svo sé. Þátttaka nemenda Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar í kennslukönnun hefur verið sú hæsta í Háskóla Íslands nokkur misseri í röð sem gefur til kynna

að nemendur trúir því að brugðist sé við ábendingum þeirra. Stjórn nemendafélagsins hefur einnig verið ötul við að hvetja nemendur til að taka þátt þar sem hún finnur að unnið er úr ábendingum nemenda, en góð þátttaka bætir einmitt áreiðanleika niðurstaðanna. Það er einnig tilfinning deildarforseta að uppbyggilegum skriflegum athugasemdum hafi fjölgað í könnuninni sem bendir til þess að nemendur upplifi að þeir beri einnig ábyrgð á gæðum kennslunnar.



Sigurður Magnús Garðarson

Háskóli Íslands hefur nú um tveggja áratuga reynslu við framkvæmd kennslukannana og hafa þær þróað mikið á tímabilinu og eru í auknum mæli að öðlast sess sem mikilvægt gæðataeki við stjórnun deilda. Það eru þó nokkur atriði sem huga ætti að á næstu árum. Miðmisseris-könnunin er áhugaverð viðbót og ætti að festa í sessi, en þar þarf að huga að aðgangi stjórnenda

að niðurstöðum sem og eftirfylgni kennara inn í kennslustofunni strax eftir að könnunin fer fram — þar skortir leiðbeiningar til kennara um hvernig best er að standa að því. Miðmísseriskönnunin er stutt og hnitmiðuð og mætti skoða að stytta hefðbundnu kennslukönnunina til að auka þátttöku nemenda. Það er þó ekki nóg að nemendur taki þátt heldur þurfa kennarar að skoða niðurstöðurnar, helst strax og einkunnum hefur verið skilað, en það vill brenna við að kennarar gleymi því. Það væri því ráð að kennarar fengju tölvupóst með áminningu um að skoða kennslukönnun, um leið og þeir skila inn einkunnum, með hlekk á síðuna í Uglu þar sem viðkomandi niðurstaða námskeiðs er (þó margt gott megi segja um Uglu þá er ekki

alltaf auðvelt að finna þar upplýsingar, sérstaklega ekki fyrir stundakennara sem nota hana aðeins sem síðu fyrir námskeiðið sitt). Að sama skapi er gagnslítið að framkvæma kennslukönnun í þjónustunámskeiðum en veita ekki stjórnendum annarra deilda sem eru með nemendur í þeim námskeiðum aðgang að niðurstöðunum. Beiðnir um breytingar á þessu fyrirkomulagi hafa ekki borið árangur en erfitt er að átta sig á hvers vegna. Framsetning niðurstaðna kennslukannana er nú mjög myndræn sem er ágætt en ekki er hægt að ná út tölulegum upplýsingum eins og áður var hægt fyrir þá stjórnendur sem vilja greina gögnin frekar. Þetta mætti auðveldlega útfæra með *Excel*-úttaksskrá svipað og mögulegt er á gögn námskeiða í

Uglu. Varðandi frekari þróun kennslukannana við skólann þá mætti nefna að ræða ætti hvort niðurstöður ætti að birta opinberlega. Þetta mætti útfæra á ýmsa vegu, t.d. með því að birta hluta af niðurstöðunum eða vinna úr þeim einhverskonar matskvarða.

Kennslukannanir við Háskóla Íslands hafa sannað gildi sitt og eru nú partur af gæðastjórnun innan skólans. Það er gott tækifæri í yfirstandandi sjálfsmati skólans að útfæra og festa í sessi verklag varðandi úrvinnslu og notkun kennslukannana innan deilda og fræðasviða og nýta þannig þetta tæki til enn betri stjórnunar innan Háskóla Íslands.

Hefur námsumhverfi áhrif á kennsluhætti?

Nemendur og kennarar hafa bent á að föst borð njörvi niður kennsluhætti í eiginlegri merkingu og að húsnæði skólans sé ekki hugsað út frá virkum kennsluháttum. Færanlegir stólar með innbyggðu borði hafa verið settir í Árnagarði í stofu Á-422 og í Lækna- og í stofu L-343. Um er að ræða tilraunaverkefni til að efla virkni nemenda í námi og hvetja til virkra kennsluhátta innan skólans.

Tilraunverkefnið fellur vel að stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 þar sem m.a. er lögð áhersla á virka kennsluhætti. Það verður fróðlegt að fylgjast með reynslu nemenda og kennara af stólunum í vetur.



Stólarnir taka sig vel út í stofu Á-422 í Árnagarði. Möguleikar á virkum kennsluháttum aukast til muna þegar nemendur eru ekki lengur niðurnjörvaðir við föst borð.

Miðmísserískönnun í Háskóla Íslands

Hjálmtýr Hafsteinsson formaður kennslunefndar VoN og dósent á IVT


Haustið 2013 var í fyrsta sinn lögð fyrir sameiginleg miðmísserískennslukönnun í öllum námskeiðum í Háskóla Íslands. Könnunin var lögð fyrir aftur á vor-mísseri 2014 og þótti takast ágætlega. Hönnun könnunarinnar er einföld: Textasvæði eru fyrir jákvæðar og neikvæðar athugasemdir auk þess sem gefa má námskeiðinu einkunn frá 0 til 10. Það ætti því að taka stuttan tíma fyrir nemendur að fylla könnunina út.

Könnunin er framkvæmd í 6.-7. viku mísserisins og er opin í tæpa viku. Kennarar fá aðgang að niðurstöðum hennar um leið og henni er lokið. Hægt er að finna niðurstöðurnar í Uglunni undir flípanum „Nám og kennsla“ síðan er „Kennslukönnun“ valin í valmyndinni vinstra megin og undir því „Kennslukönnun - kennari“. Þar þarf að stilla felliglugga á síðunni á rétt mísseri og þá ætti að koma hlekkur á niðurstöður miðmísserískönnunarinnar.

Könnunin gefur kennurum gott tækifæri til að hlusta eftir viðhorfum nemenda til námskeiða og að bregðast við þeim. Hér eru nokkrar gagnlegar ábendingar sem vert er fyrir kennara að hafa í huga varðandi miðmísserískönnun:

- Hvetjið nemendur ykkar til að taka þátt í könnuninni. Meiri þátttaka gefur marktækari niðurstöður.
- Biðjið nemendur fyrirfram um athugasemdir um tiltekin atriði (t.d. kennslubókina, tíma-setningu dæmaskila, eða einhverjar nýjungar í kennslu sem verið er að prófa).
- Mikilvægt er að bregðast við niðurstöðunum á uppbyggilegan hátt. Þetta mætti t.d. gera með því að fjalla um niðurstöðurnar í kennslustund fljótlega eftir að könnuninni lýkur.
 - Ekki líta á niðurstöðurnar sem einhvern lokadóm um námskeiðið, heldur sem leið fyrir nemendur til að aðstoða við að bæta það.
 - Athugið hvort þið getið brugðist við eða hagrætt einhverju í framvæmd námskeiðsins til að koma til móts við gagnrýni í könnuninni og látið nemendur vita af því.

- Ef þið getið eða viljið ekki breyta einhverju sem fær gagnrýni, þá gefst hér tækifæri til að útskýra hvers vegna breyting er ekki möguleg eða æskileg.
 - Sem dæmi gætu nemendur viljað lengri dæmatíma, en það gæti verið erfitt vegna skorts á kennslustofum eða fjármagni.
 - Nemendur gætu óskað eftir öðruvísi verkefnum, hér er tækifæri til að útskýra og réttlæta tilgang núverandi verkefna.
- Oft hafa nemendur ekki raunhæfar væntingar um tilgang eða eðli námskeiða. Hér er tækifæri til að lagfæra það (eða að minnsta kosti að samræma væntingar ykkar og þeirra).
- Það getur verið gott að sýna nemendum helstu athugasemdir sem koma fram í könnuninni— jákvæðar og neikvæðar. Í stórum námskeiðum vita einstakir nemendur oft ekki hvað öðrum nemendum finnst um ýmsa þætti námskeiðsins.



Hjálmtýr Hafsteinsson formaður kennslunefndar VoN

- Sem dæmi, þá væri hollt fyrir nemanda, sem er óánægður með heimaáæmin að vita að mörgum hinna nemendanna finnast þau vera áhugaverð.
- Jafnvel þó niðurstöður könnunarinnar og umræða um þær leiði ekki til neinna breytinga á námskeiðinu þá er líklegt að nemendur hafi mun jákvæðara viðhorf til námskeiðsins og finnist þeir vera mikilvægari þátttakendur í því en áður.
- **Mikilvægt:** Ekki taka neikvæða gagnrýni of persónulega. Reynið frekar að finna almenn atriði í niðurstöðunum sem hægt er að vinna með og nota til að bæta námskeiðið.

Miðmísserískennslukönnunin getur verið mun betra verkfæri fyrir kennara til að þróa námskeið en hefðbundin könnun í lok misseris. Ef kennari ákveður að breyta einhverju í námskeiði sínu og byggir þá ákvörðun sína á kennslukönnun í lok misseris þá hefur sú breyting eingöngu áhrif á næsta hóp

nemenda en ekki nemendahópin sem setti fram athugasemdirnar. Miðmísserískönnun gefur möguleika á að breyta námskeiðinu fyrir þann nemanda sem setur fram gagnrýnina. Að vísu er erfiðara að breyta miklu í námskeiði á miðju misseri, en oft þarf ekki miklar breytingar til að koma til móts við athugasemdir og stundum nægir að útskýra hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru.

Það er almennt viðurkennt að háskólar eigi að hvetja nemendur sína til gagnrýninnar hugsunar. Það þýðir að fallast ekki á neina skoðun fyrr en sannfærandi rök hafi verið færð fyrir henni. Gagnrýnin hugsun á ekki einungis að beinast að námsefninu, heldur ekki síður að því hvernig það er sett fram. Háskólakennarar þurfa því að geta tekið við og unnið úr athugasemdum um kennslu sína. Ef við getum ekki rökstutt á sannfærandi hátt hvernig við kennum námsefnið, þá erum við varla mjög góðar fyrirmyndir fyrir nemendur okkar.

FRÉTTIR AF FRÆÐASVIÐUM HÁSKÓLA ÍSLANDS

Kennslunefnd Hugvísindasviðs fundaði reglulega kennsluárið 2013-2014 og fjallaði um ýmis kennslumál. Eitt helsta verkefni hennar var að stuðla að því að greinar Hugvísindasviðs skilgreindu aðgangsviðmið fyrir nemendur í framhaldsskólum sem hyggja á háskólanám.

Nefndin stóð fyrir kynningarfundum fyrir kennara og safnaði viðmiðunum saman. Hún tók til umfjöllunar ýmis mál að eigin frumkvæði og að ábendingu sviðsstjórnarinnar, einstakra kennara og nemenda. Meðal þeirra voru birting og nýting á niðurstöðum kennslukannana, upptökur á kennslustundum, skyldumæting, fjarkennsla og

umsjónarmannakerfi eins og það sem komið hefur verið á í íslenskunni. Ritari nefndarinnar var Ásdís Guðmundsdóttir kennslustjóri, en auk hennar áttu sæti í nefndinni Ásta Ingibjartsdóttir, fulltrúi Deildar erlendra tungumála, Ingibjörg Hildur Stefánsdóttir, fulltrúi nemenda, Hjalti Hugason, fulltrúi Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar (Pétur

Pétursson tók sæti Hjalta í nefndinni meðan hann var í rannsóknaleyfi vorið 2014), Steinunn J. Kristjánsdóttir, fulltrúi Sagnfræði- og heimspekieildar (Orri Vésteinsson tók sæti Steinunnar í nefndinni meðan hún var í rannsóknaleyfi haustið 2013) og Sveinn Yngvi Egilsson, fulltrúi Íslensku- og menningardeildar, formaður nefndarinnar. Steinunn tók í lok kennsluársins við af Sveini Yngva sem formaður nefndarinnar og tók um leið sæti hans í kennslumálanefnd háskólaráðs.

Sveinn Yngvi Egilsson, formaður kennslunefndar Hugvísindasviðs



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Kennarar taka mark á kennslukönnunum!

Ingvar Sigurgeirsson prófessor og formaður kennsluráðs MVS HÍ

Í janúar sl. ákvað kennsluráð Menntavísindasviðs, en svo heitir kennslunefndin á sviðinu, að senda rafræna könnun til allra kennara þar sem spurt var um viðhorf þeirra til kennslukönnunar Háskólans. Kennsluráðið hefur rætt gæðamat á kennslu og



Ingvar Sigurgeirsson

meðal annars gagnsemi kennslukannana. Mat ráðsins er að miklu skipti að hafa sem gleggstar upplýsingar um afstöðu kennara svo að vinna megi markvisst að umbótum í gæðamati á kennslu á sviðinu.


Rétt er að áréttu að samkvæmt reglum

Háskólans er það verkefni kennslunefnda að fylgjast með kennslukönnun og hafa samráð við stjórn og forseta viðkomandi sviðs um eftirfylgni.

Könnunin var send á 130 netföng og bárust 64 svör (49%). Hafa verður í huga að nokkur hópur kennara var í rannsóknarleyfi á þeim tíma sem könnunin var gerð. Engu að síður var dræm þátttaka nokkur vonbrigði, en á móti kom að margir þeir sem svöruðu veittu ítarleg svör við opnum spurningum og því var úr talsverðu efni að móða.


Í könnuninni voru kennarar beðnir um að leggja mat á gæði núverandi kennslukönnunar, hvort æskilegt væri að gera einhverjar breytingar á könnuninni og hvort tekið væri mark á niðurstöðum. Spurt var um breytingar á námskeiðum í kjölfar kennslukönnunar og hvort niðurstöðum hefði verið deilt með samkennurum, t.d. á kjörsviði eða námsbraut. Þá var spurt um mat á því hversu dómbærir nemendur væru til að meta gæði kennslu og námskeiða og hvort kennarar hefðu sjálfir gert kennslukönnun á námskeiði eða notað aðrar aðferðir til að afla upplýsinga um viðhorf nemenda. Loks var beðið um aðrar athugasemdir eða ábendingar um kennslu eða annað gæðamat á kennslu.

Niðurstöður voru býsna afgerandi og komu í raun nokkuð á óvart. Enda þótt nokkrar efasemdir væru um gæði könnunarinnar (einungis 39% svarenda töldu hana vandaða) reyndist mikill meirihluti taka mark á niðurstöðum eins og sjá má af Mynd 1.



Mynd 1 Svör kennara um hvort þeir tækju mark á niðurstöðum kennslukannana.


Þessar niðurstöður eru nokkuð afgerandi. Rúmur helmingur svarenda (55%) segist nánast alltaf eða oftast taka mark á niðurstöðum. Aðeins 8% svarenda segjast gera það sjaldan eða aldrei. Spurt var hvort þess væru dæmi að gerðar hefðu verið breytingar á námskeiði í kjölfar kennslukönnunar og reyndust svör einnig nokkuð afgerandi eins og sjá má á Mynd 2.



Mynd 2 Svör kennara við spurningu um breytingar á námskeiðum í kjölfar kennslukannana.

Eins og sjá má hefur meirihluti kennara gert breytingar á námskeiði nokkrum sinnum í kjölfar kennslukönnunar.


Spurt var **hvort niðurstöðum hefði verið deilt með samkennurum** t.d. á kjörsviði eða námsbraut?



Mynd 3 Svör kennara við spurningu um hvort þeir deili niðurstöðum með samkennurum sínum.

Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar, m.a. í ljósi þess að gagnlegt hlýtur að vera að geta rætt niðurstöður við samstarfsfólk.

Spurt var hversu dómbæra svarendur töldu nemendur vera til að meta gæði námskeiða.



Mynd 4 Mat kennara á því hversu dómbærir nemendur eru til að meta gæði kennslu.

Eins og sjá má telur meirihluti kennara nemendur dómbæra til að meta gæði námskeiða. Aðeins einn telur þá lítið dómbæra.

Mjög áhugaverðar eru niðurstöður um það hvort kennarar hefðu sjálfir gert kennslukönnun á námskeiði og hvort þeir hefðu notað aðrar aðferðir en kennslukönnun til að afla upplýsinga um viðhorf nemenda til kennslu eða námskeiða sem þeir kenndu og ef svo, hverjar. Þetta höfðu margir kennarar gert. Langflestir höfðu gert kennslukannanir á eigin vegum eða beitt öðrum aðferðum við mat á námskeiðum sínum. Nefna má umræður í lok námskeiðs, óformlegar samræður, ýmsar kannanir, matsfundir, matsþringi eða rýnihópa (sjá nánar um þetta á Mynd 5).

- „Óformlegt mat á post-it miðum.“
- „Ég hef einnig í sérstökum tilfellum gert eigin kannanir í gegnum K2 ...“
- „Hef látið nemendur svara nokkrum spurningum við lok ákveðinna verkefna.“
- „Skriflegar kannanir um miðbik námskeiðs.“
- „... beðið nemendur að skrifa á miða, öðru megin eitthvað um það sem þau lærðu eða kunnu vel að meta og á hina hliðina eitthvað sem betur mætti fara.“
- „... bið nemendur að meta námskeiðin mín með stuttum spurningalista (opnar spurningar).“
- „Læt nemendur oftast skila mér nafnlaust umsögunum um hvað þeim fannst best og hvað mætti bæta. Finnst það gefa mér mun betri upplýsingar.“
- „Ég hef prófað að fá umsagnir nemenda í lok kennslustundar á litlum miðum þar sem þeir annars vegar skrá hvað þeir taka með sér eftir tímann og hins vegar skrá hvað þeir óska eftir að verði tekið fyrir næst eða betur um efnið sem fjallað var um.“
- „Við ... notum MÚS (miði úr skólastofu) eftir ... kennsludag eða kennslustund til að kanna hvað nemendur taka með sér eftir daginn eða kennslustundina og hvað þeir vilja læra meira um (skilað nafnlaust).“
- „Nafnlaus skrif frá nemendum í upphafi námskeiðs og í lok sama námskeiðs.“

Mynd 5 Dæmi um kennslumat sem kennarar hafa sjálfir gert í námskeiðum sínum.

Niðurstöður þessarar könnunar hafa orðið kennsluráði hvatning til að ráðast í áttak til að nýta hana betur. Það hefur verið gert meðal annars með því að hvetja nemendur til að svara betur og kennara til að ræða niðurstöður matsins við nemendur og gera þeim grein fyrir því hvernig þeir hafa brugðist við ábendingum þeirra. Þá telur ráðið mikilvægt að farið sé eftir ágætum verklagsreglum um kennslukannanir sem samþykktar voru í háskólaráði 8. apríl 2010 en þeim virðist ekki nægjanlega vel fylgt. Í þessum reglum er meðal annars lögð áhersla á að heildarniðurstöður kennslukannana séu kynntar og ræddar á deildarfundum.

En þó vissulega sé unnt að nýta kennslukannanir betur er það mat kennsluráðs að ófull-

nægjandi sé að byggja einvörðungu á nafnlausum spurningakönnunum. Því vinnur ráðið nú að tillögum um að jafnhliða verði haldnir reglulegir matsfundir á öllum námsbrautum þar sem fulltrúar nemenda gera grein fyrir því hvað þeir eru ánægðir með í náminu og hvað betur megi fara. Reynsla á nokkrum námsbrautum á Menntavísindasviði (og áður í Kennaraháskólanum) hefur gefið góða raun og auðveldara þykir að nýta niðurstöður matsfunda til að bæta nám og kennslu en niðurstöðu kennslukannana.

FRÉTTIR AF FRÆÐASVIÐUM HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tvennt stendur upp úr eftir veturinn af störfum kennslumálanefndar Heilbrigðisvísindasviðs. Annað er endurskoðun á meistarareglum sviðsins og sérreglum deilda í kjölfarið. Hitt var vinna við aðgangsviðmið deilda. Þessari vinnu er lokið og má finna meistarareglurnar á heimasíðu sviðsins og aðgangsviðmiðin í kennsluskrá. Hafin var vinna við að reyna að sameina prófreglur sviðsins eins og hægt er og er sú vinna enn í gangi.

Heilbrigðisvísindasvið kynnti fyrir starfsmönnum sínum vendikennslu og notkun *MOOC* í kennslu. Ljóst er að all nokkrir kennarar hafa þegar notað svip-aðar kennsluaðferðir. Kennslumálanefnd hélt sinn árlega



kennsludag þar sem dagskráin var fjölbreytt. Formaður nefndarinnar, Björn Guðbjörnsson tók saman skýrslu nefndarinnar, Anna María Gunnarsdóttir fræddi fundargesti um rafræn samskipti milli nemenda og kennara, Karl Örn Karlsson kynnti niðurstöður *DREEMS*-könnunar sem gerð var meðal nemenda á HVS og að lokum kynnti Anna Helga Jónsdóttir kennsluforritið *Socratic* sem hún hefur notað með góðum


árangri með vendikennslu.

Kennslunefndina skipa: Björn Guðbjörnsson formaður, Karl Örn Karlsson, Páll Biering, Hákon Hrafn Sigurðsson, Guðmundur Arnkelsson, Alfons Ramel, Martha Hjálmarsdóttir, Þórarinn Sveinsson og Dana Rún Heimisdóttir. Ingibjörg Þórisdóttir kennslustjóri er fundaritari. Þessi nefnd mun hætta störfum í vor og önnur verður skipuð í hennar stað. Heilbrigðisvísindasvið þakkar nefndarmönnum vel unnin störf á liðnum misserum.

Ingibjörg Þórisdóttir, kennslustjóri Heilbrigðisvísindasviðs

ICED-ráðstefna 2014

Um miðjan júní lögðum við Elva og Guðrún land undir fót og sóttum ráðstefnu ICED sem haldin var í við Karolinska Institutet í Stokkhólmi. ICED (*The International Consortium for Educational Development*) eru alþjóðleg regnhlífarsamtök samtaka sem starfa að kennsluþróun á háskólastiginu og hafa það að meginmarkmiði að efla góða kennsluhætti í háskólum. Samtökin gefa út tímaritið *International Journal for Academic Development* og standa að alþjóðlegri ráðstefnu annað hvert ár. Þema ráðstefnunnar var „Kennsluþróun í breyttum heimi“. Meginviðfangsefni þátttakenda í ár sneru að greinabundinni kennsluþróun, hlutverki stjórenda í kennsluþróun, fagmennsku í háskóla-kennslu svo og að stefnumark-andi kennsluþróun. Framlag okkar á ráðstefnunni sneri að því að kynna hvernig nýta mætti gæðaúttektir til kerfisbundinnar kennsluþróunar.



Guðrún Geirsdóttir og Elva Björg Einarsdóttir speglast í hinn glæsilegu nýbyggingu Karolinska Institutet, Aula Medica, í Stokkhólmi. Mynd Guðrún Geirsdóttir.

Brautskráning úr kennslufræði háskóla

Ágústa Þorbergsdóttir (t.v.), stundakennari í Íslensku- og menningardeild, Hákon Hrafn Sigurðsson, prófessor í Lyfjafræðideild og Elín Lóa Kristjánsdóttir, stundakennari í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, brautskráðust í vor ásamt þremur öðrum með 30 eininga viðbótardiplómu í kennslufræði háskóla. Á Menntavikunni 3. okt. nk. munu þau ásamt öðrum sem luku háskólakennsludiplómu í vor halda erindi um rannsóknir sínar sem þau unnu að sl., vetur í sérstökum málstofum sem tileinkaðar eru kennslufræði háskóla. Menntavika fer fram á Menntavísindasviði í Stakkahlíð og hefst kl. 9:20 og stendur til kl. 17:00. Kennslumiðstöð óskar Ágústu, Hákon, Elínu Lóu og hinum þremur til hamingju með áfangann.



Róbert Haraldsson horfir um öxl við formannaskipti í kennslumálanefnd háskólaráðs

Elva Björg Einarsdóttir verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð

Róbert H. Haraldsson prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild hefur nýlega látið af störfum sem formaður kennslumálanefndar háskólaráðs Háskóla Íslands en þeirri formennsku hefur hann gegnt í sex ár, frá árinu 2008. Ég mælti mér mót við Róbert í miðri hringiðunni á Háskólatorgi síðsumars þegar nemendur jafnt sem kennarar og annað starfsfólk skólans gengu tregum fótum inn úr sólinni og langþráðu sumri. Róbert hafði lofað að veita mér innsýn í störf nefndarinnar undir formennsku hans, tæpa þar á hinu helsta og e.t.v. lýsa framtíðarsýn sinni um áherslur í kennslumálum innan Háskóla Íslands.

við framhaldsskólana. „Við höfum einnig unnið að því að auka umræðu um kennslumál t.d. með málþingum eins og kennslumálaþingum sem haldin hafa verið í samvinnu við Stúdentaráð, Kennslumiðstöð, gæðanefnd HÍ og gæðastjóra. Þetta eru svona brýnustu málin en hægt er að fara dýpra í hvern málaflökk. Ef við tökum t.d. vinnu við brottfallið þá höfum við haft eftirlit með hönnun og mótun aðgangsprófsins. Við höf um verið að styrkja tilraunaverkefni þar sem ákveðnar deildir vinna m.a. að bættri móttöku nýnema til að draga úr brottfalli. Við höfum farið í gegnum regluverkið og skoðað

Róbert nefnir sem dæmi erindi Sigurðar M. Garðarssonar deildarforseta Umhverfis- og byggingaverkfræðideildar á Kennslumálaþingi 2014, um eftirfylgni deildarinnar við kennslukönnun. Umfjöllun Sigurðar er að finna á bls. 12 í blaðinu. Róbert segir teikn vera á lofti um að kennslukönnunarmál séu að fara í rétta átt og er nokkuð ánægður með þátttöku nemenda sem er aftur komin yfir 50% eftir að hafa dalað um tíma á árunum 2007 til 2008 þegar könnunin var endurskoðuð. Róbert segir að með tilliti til skráningarbrottfalls sem er töluvert innan HÍ, sé 50% þátttaka ekki slæm, þýði í raun 60-65% þátt

„...mótun og þróun kennslustarfs kemur bæði úr grasrótinni og síðan kemur hún úr sameiginlegri stefnumótun. Mér finnst mikilvægt sjálfum og hef unnið í þeim anda ... að virða báða þessa þætti.“

Kennslumálanefnd er ráðgefandi nefnd fyrir rektor og háskólaráð og eitt meginhlutverk hennar er að framfylgja stefnu háskólans um kennslumál. Á þeim sex árum sem Róbert var í formennsku rann eldri stefna Háskóla Íslands sitt skeið (2006-2011) og ný tók við (2011-2016). Róbert segir greinilegt að kennslumál séu fyrirferðameiri í nýju stefnunni og mjög fjölbreytt. Þau stefnumál lúti m.a. að samþættingu kennslu og rannsókna í grunnnámi, eflingu kennslustefnu deilda, vinnu við að draga úr brottfalli og bættu endurkomuhlutfalli, vinnu við að endurskoða og bæta kennslukannanir og vinnu að bættu samstarfi

hvernig megi breyta dagsetningum varðandi skráningu til að auka agann í ferlinu. Og síðan höfum við verið með málþing og fræðslu um brottfall.“

Verkefnin

Kennslukönnun hefur verið stytta og framsetning hennar einfölduð til að bæta þátttökuhlutfallið. Eftirfylgni við kennslukönnun af hálfu skólans hefur verið gerð sýnilegri m.a. með málþingum, fyrirlestrum og málstofum. *Finnst þér það hafa borið árangur?* „Já, töluverðan. Og ég held að það séu töluvert fleiri á háskólalóðinni sem sjá núna að kennslukönnun er notuð og það hafa verið nokkrir mjög ánægjulegir áfangar á þeirri vegferð.“

töku virkra nemenda. „En þarna má að sjálfsögðu gera betur. Það þarf að gera eftirfylgni við kennslukönnun ennþá sýnilegri, að nemendur sjái að það er verið að nota kennslukönnun. Og auðvitað þarf alltaf að leita nýrra leiða til að nota kennslukönnunina til að bæta kennsluna.“ Róbert nefnir miðmisseriskönnun sem aðra leið til að bæta gæði kennslunnar við skólann en henni var hleypt af stokkunum haustið 2013. Miðmisseriskönnun er tilraun til að bregðast strax við athugasemdum nemenda og á að sýna þeim að mark er tekið á því sem þeir hafa um námið að segja. Einnig hafa aðrar leiðir í könnun á gæðum náms og kennslu

verið skoðaðar en engin þeirra er í höfn. Umfjöllun Hjálmtýs Hafsteinsonar um notkun miðmísseriskönnunar er að finna á bls. 14 í blaðinu.

Kennslumálanefnd hefur lagt mikla áherslu á samstarf við framhaldsskólana til að brúa bilið á milli skólastiganna og að nemendur séu sem best undirbúnir fyrir háskólanám. „Við höfum [fundað með fulltrúum framhaldsnáms] einu sinni á ári og rætt sameiginleg mál við alla skóla-meistara í öllum framhaldsskólum á árlegum fundum okkar með þeim. Við höfum líka rætt við þá á minni fundum. Þetta hefur verið afar ánægjulegur hluti af starfinu.“

Kennslumálanefnd hefur unnið töluvert í því að kanna möguleika á notkun upplýsingatækni í kennslu. Stofnaðir hafa verið starfshópar út frá kennslumálanefnd sem vinna t.d. að því að prófa að nota MOOC-námskeið við Háskóla Íslands og einnig nefnd um málefni fjarnáms. Róbert segir upplýsingatækni í kennslu vera „...tvö, þrjú ólík mál. Eitt er þetta risamál sem er sameiginlegt mál okkar allra, þ.e. hvernig við notum upplýsingatækni í kennslu. Það hafa allar deildir og öll svið hag af því að nýta sér upplýsingatækni í kennslu. Á hinn bóginn virðast þarfir sviða og deilda fyrir eiginlegt fjarnám ólíkar. Það eru a.m.k. uppi ólík sjónarmið í skólanum um mikilvægi fjarnáms. Í stefnu háskólans segir að það eigi að meta þörfina á fjarnámi og efla það í völdum greinum. Við höfum haft þetta að leiðarljósi en mikið er enn ógert í þessum málaflokki. Vinna nefndar um fjarkennslu hefur m.a. beinst að því að bæta tæknibúnaðinn, núna síðast með *Adobe Connect*-fjarfundakerfi.“

Talið berst að fjölbreytileika háskólans. „Mér finnst það nú vera eitt af því sem maður hefur lært á langri dvöl í HÍ, ekki síst á síðustu sex árum í gegnum þetta starf, að

háskólinn er stór stofnun og fjölbreytileg. Þannig koma áherslur við mótun kennslustarfs bæði úr grasrótinni og síðan einnig úr sameiginlegri stefnumótun, ofan frá. Mér finnst mikilvægt sjálfum að virða báðar þessar uppsprettur og hef unnið í þeim anda.“ Róbert segir að þetta sjáist á verkefnum sem styrkt séu af Kennslumálasjóði, þar séu „mörg verkefni í gangi sem vaxa upp úr grasrótinni og tengjast svo.“ Hér tekur Róbert dæmi af verkefnum tengdum tölfræðikennslu sem verið er að vinna að í einstökum deildum en tengjast svo á milli fræðasviða t.d.

með kennslubanka á netinu (sbr. kennslubanki.hi.is, sjá bls. 40 í blaðinu). Hann segir það hafa verið mjög ánægjulegt þegar tókst að endurvekja Kennslumálasjóð fyrir þremur árum, mikil ásókn hefur verið í hann og met í fjölda umsókna hefur verið slegið á hverju ári. Umsóknir í sjóðinn hafa alltaf verið fleiri en hægt hefur verið að styrkja og gerðar eru kröfur um gæði þeirra. „Auðvitað vill maður alltaf meiri pening í svona en við höfum getað styrkt verulegan fjölda af góðum verkefnum sem styðja við stefnu Háskóla Íslands og eru í þeim samvinnuanda sem ég ræddi um áðan.“



Róbert Haraldsson, prófessor í Sagnfræði- og heimspekideild og fyrrum formaður kennslumálanefndar háskólaráðs.

Tengsl við fræðasvið og deildir

Hvernig eru tengsl kennslumálanefndar við fræðasvið, deildir og námsbrautir að mati Róberts?
Í Kennslumálanefnd sitja formenn kennslunefnda fræðasviða og segir Róbert að sú samvinna hafi gengið vel og að mikil ánægja sé með hana. „Tengslin við sviðin er mjög sterk. Formennirnir eru í góðum tengslum við sitt bakland, kennslunefndirnar, og ég lít á það sem mjög sterkt að formenn kennslunefnda sitji í kennslunefnd háskólaráðs. Það verður til þess að upplýsingaflæði er óheft.“ Róbert segist þó hafa heyrt að efla þurfi tengsl kennslunefnda fræðasviða við námsbrautir og deildir, þau séu víða ágæt en þurfi að bæta annars staðar. Einnig segir Róbert að „nefndarmönnum hafi

nemendur. Hvernig eflum við virkni nemenda í námi?“ Róbert segir að þessi spurning geti verið yfirskrift fyrir áherslur í kennslu á næstu árum innan Háskólans. „Þetta er eilífðarmálið. Þarna þarf meiri hugsun og meiri peninga.“ Róbert segist finna þetta þegar hann kenni í kennslustofum sem eru hannaðar með virkni nemenda í huga eins og t.d. HT-101 á Háskólatorgi, slíkar stofur bjóða upp á ýmsa möguleika. Einnig er verið að gera tilraun með færanlega stóla með innbyggðu borði í Árnagarði í stofu Á-422 og í Læknagarði í stofu L-343. Miklu skiptir að sá valkostur sé til staðar svo hægt sé að brjóta upp hefðbundið mynstur í kennslustofunni og virkja nemendur. Annað mál er „...þjálfun kennaranna. Við fórum þá leið í kennslumálanefndinni

Framtíðarsýn

Hver er framtíðarsýn fráfarandi formanns um áherslur í kennslumálum við Háskóla Íslands? „Sýnin er nokkuð skýr, við viljum efla þá kennsluhætti sem virkja nemendur í námi og fjölga tækifærum þeirra til að stunda rannsóknatengt nám. Við viljum að námið byggist á raunverulegum verkefnum, því sem er að gerast í fræðasamfélaginu og samfélaginu almennt. Við viljum auðvitað að nemendur geti nýtt sér nútíma tækni við námið og hafi sem besta námsaðstöðu. Nauðsynlegt er því að huga að því hvernig kennslustofur við byggjum og hönnum, þjálfun kennara og vinna þarf áfram að umbunarkerfi kennara. Mér fannst afar athyglisvert að sjá þegar ég heimsótti Háskólann í Minnesota árið 2012 hve langt þeir

„Kennslumálin eru ocianískt verkefni, pínulítið eins og úthafið. Þetta er bútasumur. Svólítið eins og að halda mörgum boltum á lofti samtímis. Málaflokkarnir eru mjög margir.“

verið tíðrætt um að kennslunefndir séu bara ráðgefandi. Formenn nefndanna velta oft fyrir sér stöðunni gagnvart sviðsráði og sviðsforsetum. Þá hef ég bent á að það er auðvitað eins með okkur sem erum í kennslumálanefnd háskólaráðs, við erum náttúrulega bara ráðgefandi fyrir rektor og háskólaráð. En ráðgefandi nefnd í Háskóla Íslands getur haft áhrif með vandaðri ráðgjöf.“

Sóknarfæri

Róbert talar um að sóknarfærin séu mörg „...eitt er hvernig kennslurými eru hönnuð til að ýta undir og efla fjölbreyttari kennsluhætti og virkja

að námskeiðið [KEN212F Inngangur að kennslufræði háskóla] fyrir háskólakennara væri valkvætt og að þeim yrði umbunað fyrir þátttöku með kennsluafslætti og kennslustigum.“ Róbert telur mikilvægt að umbuna góðum kennara fyrir vel unnin störf og segir þetta vera eitt af verkefnum nýrrar kennslumálanefndar „...við þurfum alltaf að hafa augun opin fyrir því hvernig við fjölgum tækifærum til að umbuna góðum kennurum. Viðurkenning fyrir kennslu (kennsluverðlaun) hefur verið endurnýjuð, lítið skref en mikilvægt.“

eru komnir í mörgum af þessum málum, ekki síst hve mikið fjármagn þeir setja í að hanna kennsluhúsnæði og stuðningskerfi til að draga úr brottfalli.“

Kennslumálanefnd stóð að því ásamt öðrum að fá Mick Healey, sérfræðing í samþættingu rannsókna og kennslu, til að halda tvö námskeið við Háskóla Íslands á vordögum 2012. Róbert segist vilja sjá töluvert meiri vinnu á þessu sviði, umræðu og samræðu og að kennarar leiðbeini hver öðrum um hvernig samþætta megi rannsóknir og kennslu í grunnnámi: „Ég lít á þetta sem eitt lykilatriði í háskólakennslu. Þegar við

tölum um samþættingu rannsókna og kennslu þá erum við ekki bara að tala um hvernig þú nýtir þínar eigin rannsóknir í kennslu, eins og sumir virðast halda. Við erum að ræða um hvernig háskólanám er alltaf rannsóknamiðað, byggt á rannsóknasprungum, markmiðið er að virkja nemendur frá fyrsta degi í rannsóknatengdu námi.

Lítið um öxl

Er það eitthvað sem Róbert er stoltari af en öðru varðandi vinnuna í Kennslumálanefnd?

„Kennslumálin eru *ocianískt* verkefni, pínulítið eins og úthafið. Þetta er bútasumur. Svolítið


eins og að halda mörgum boltum á lofti samtímis. Málaflokkarnir eru mjög margir.“ Róbert segist stoltur af því hvernig kennslumálin hafa komist í fókus á þeim erfiðu umbrotatímum sem hann hefur stýrt nefndinni, þó svo að kennslumálanefndin hafi alls ekki verið ein um að koma kennslumálum ofar á dagskrána.

„Fólk var auðvitað slegið út af laginu í hruninu, það ríkti svolítið þessi afstaða að kennslumálin skiptu ekki öllu máli. Kennslumálasjóðurinn hætti að úthluta og viðurkenningar fyrir kennslu voru lagðar af. Þannig að ég er ánægður með aukna áherslu á kennslumál á þessum tíma. Það var ekki sjálfgefið.“ Róbert segir nokkra samverkandi þætti

hafa haft áhrif á þessa þróun: „Þar má nefna úttekt gæðanefndanna vegna sjálfsmats deilda og skólans í heild, stefnan 2011-2016 og meðvitaða ákvörðun yfirstjórnar að hafa þar áherslu á kennslu, meiri virkni í Kennslumiðstöðinni og hún hefur verið að styrkjast á sama tíma og e.t.v. líka breyttur tíðarandi.“ Róbert segist hafa tekið eftir því að fólk sem nú sækir um starf við skólann leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og er áhugasamt um að prófa nýjar aðferðir í kennslu.

Að lokum segist Róbert vera þaklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til

að kynna góðu og öfluglu fólk af fræðasviðunum sem sinnt hefur formennsku fyrir kennslunefndir og -ráð fræðasviða sinna, og einnig starfsmönnum Kennslusviðs og Kennslumiðstöðvar. Hann segir að það hafi „...verið mjög lærdómsríkt að vinna með Kristínu Ingólfsdóttur rektor. Mikilvægt er að setja sér langtíamarkmið og vinna að þeim hægt og rólega. Ég hef lært mikið á þessum árum. Það er ekkert sjálfgefið að fólk hugsi til langs tíma. En það skilar sér, ekki hvað síst á erfiðum tímum.“



Frá fundi kennslumálanefndar háskólaráðs á vordögum 2014. Frá vinstri: Stefán Þór Helgason fulltrúi nemenda, Hjálmtýr Hafsteinsson dósent við Iðnaðar-, véla- og tölvuverkfræðideild, Sveinn Yngvi Egilsson prófessor í Íslensku- og menningardeild, Sif Einarsdóttir prófessor í Félags- og mannvísindadeild, Ingvar Sigurgeirsson prófessor í Kennaradeild, Róbert Haraldsson prófessor í Sagnfræði- og heimspekideild og formaður Kennslumálanefndar háskólaráðs 2008-2014. Á myndina vantar Guðrúnu Geirsdóttur, dósent í Kennaradeild og deildarstjóra Kennslumiðstöðvar HÍ og Hrein Pálsson, prófstjóra og verkefnastjóra Kennslumálanefndar háskólaráðs HÍ.

„Svona gerum við...“ Kerfisbundin efling kennsluþróunar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Sigdís Ágústsdóttir verkefnastjóri hjá VoN

Á vormánuðum 2013 hlaut Verkfræði- og náttúruvísindasvið styrk frá Kennslumálasjóði HÍ til að hefja þróunarverkefni sem snýr að endurskoðun kennsluhátta á sviðinu. Í stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2011 - 2016 er m.a. lögð áhersla á að efla gæði náms og auka fjölbreytni kennsluhátta sem hvetja nemendur til virkrar þátttöku í námi. Með hliðsjón af stefnu háskólans snýst verkefnið um að innleiða ferla og leiðir sem stuðla að endurskoðun kennsluhátta ásamt því að efla þróun í námi og kennslu.

Fyrsta skrefið í verkefninu var að greina hvar mest væri þörf á breytingum í kennsluháttum. Greining var gerð á núverandi stöðu kennsluhátta í öllum námskeiðum innan hvernar deildar á sviðinu og notast við viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar á gæðum náms og kennslu, ásamt viðtölum við námsbrautarformenn og einstaka kennara. Greiningin sýndi að innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs væri vissulega þörf á að efla fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati og einnig hvar sú þörf væri brýnust. Að auki var litið til þeirrar staðreyndar að á fyrsta ári í grunnnámi á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hefur brottfall nemenda verið hvað mest. Námskeið á fyrsta ári eru í flestum tilfellum mjög fjölmenn námskeið sem hafa verið kennd lengi. Niðurstaðan var því sú að mikilvægt væri að leggja áherslu á að efla kennsluhætti í þeim námskeiðum og koma þannig til móts við nýjar kynslóðir stúdenta. Greiningin gaf þó ekki eingöngu sýn á hvar þörf væri á breytingum heldur og hvar vel var að verki staðið eða breytingar höfðu þegar átt sér stað og var það töluverður hópur kennara.

Næsta skref var því að taka viðtöl við þá kennara sem höfðu staðið í breytingum á kennslu ásamt þeim sem töldust vera góðir kennarar. Þessar upplýsingar byggðum við á greiningarvinnunni en einnig fengum við upplýsingar hjá deildarforsetum, kennurum á fræðasviðinu og út frá viðtölum sem Kennslumiðstöð hafði tekið við nemendum vegna gæðamatsúttekta. Markmið viðtalanna var að kanna meðal annars hvað kennurum þætti skipta mestu máli í kennslu og fá innsýn í hvernig þeir færu að því að kenna og halda nemendum virkum í náminu. Við spurðum þá einnig út í það hvort og þá við hverja þeir töluðu um kennsluþróun. Viðtölin gáfu okkur mjög gagnlegar upplýsingar og þá sérstaklega hversu einangrað námssamfélagið (e. community of practice) er innan hvernar deildar og jafnvel innan námsgreinar.

Hingað til hefur kennsluþróun fyrst og fremst verið bundin einstökum kennurum og því hefur þekkingu og reynslu þeirra sjaldan verið miðlað til annarra kennara. Þeir kennarar sem rætt var við töluðu eingöngu við einn til þrjá aðra kennara um hugmyndir sínar og breytingar í kennslu.



Sigdís Ágústsdóttir verkefnastjóri hjá VoN

Í þróunarverkefninu er því gerð tilraun til að vinna að kennsluþróun út frá hugmyndum um námssamfélög og aðstæðubundið nám þar sem lögð er áhersla á að vinna út frá þörfum fræðasviðsins og um leið að nýta þá þekkingu og reynslu sem býr innan starfsmannahópsins. Eitt af markmiðum þróunarverkefnisins er að skapa vettvang þar sem kennarar geta deilt reynslu sinni og unnið í samstarfi við aðra kennara að kennsluþróun. Vettvangurinn til þess er vefsíða sem heldur utan um kynningar kennara á þróun sem átt hefur sér stað í kennslu, námsmati o.fl. Kennarar taka upp stutta kynningu á verkefni, hvert markmið verkefnis var, hverju það átti að

breyta í kennslu og hverjir voru kostir þess og gallar. Hugsunin er því sú að kennarar geti leitað að nýjungum í kennslu á síðunni og jafnvel leitað sér aðstoðar hjá viðkomandi kennara. Auk kynninganna býður síðan upp á tækifæri til að kynna tækni sem hægt er að nýta í kennslu og fréttir af nýjungum í kennsluháttum utan úr heimi. Hugmyndin að vefsíðunni kemur frá Háskólanum í Árósum.

Á haustmisseri 2014 mun stoðþjónusta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í samvinnu við Kennslumiðstöð HÍ setja upp vefsíðu fyrir kennsluþróun á fræðasviðinu ásamt því að skapa lifandi vettvang fyrir umræður um kennsluþróun. Í byrjun skólaárs voru kennarar sem kenna stór fyrsta árs námskeið boðaðir á vinnustofu þar sem farið var yfir fyrsta árs brottfall á fræðasviðinu. Kynntar voru leiðir til þess að virkja nemendur og vekja áhuga þeirra á náminu og í framhaldinu sköpuðust umræður þar sem kennarar gátu miðlað reynslu sín á milli.

Mikill áhugi er fyrir vettvangi þar sem kennarar geta leitað ráða og deilt reynslu sín á milli og því munum við í vetur skipuleggja fyrirlestra, hópafundi og fleira fyrir þá kennara sem kjósa að nýta sér þá þjónustu sem við viljum geta boðið uppá fyrir nýja sem reyndari kennara.



Myndin er tekin á vinnustofu kennara sem kenna á stórum fyrsta árs námskeiðum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Vinnustofan var skipulögð í kjölfar greiningar á þörfum kennara fyrir stuðning í kennslu.

Kennslumálalaping 2014



Stjórnendur við HÍ sitja fyrir svörum á kennslumálalapingi.

Árlegt kennslumálalaping var haldið 28. febrúar og sóttu það á annað hundað manns. Að málþinginu standa fulltrúar Stúdentaráðs, kennslumálanefndar, gæðanefndar og Kennslumiðstöðvar og þar gefst nemendum og kennurum kostur á að koma saman og ræða um gæði náms og kennslu. Í ár var sjónum beint að gæðamati og leiðum til að meta gæði kennslu. Aðalfyrirlesari var Norman Sharp, formaður Gæðaráðs íslenskra háskóla sem fjallaði um viðhorf til nemenda og hlutverk þeirra í gæðastarfi háskóla. Gerð var grein fyrir ólíkum leiðum til að meta gæði og í þinglok sátu stjórnendur HÍ fyrir svörum. Upptökur af þinginu er að finna á heimasíðu Kennslumiðstöðvar: kemst.hi.is

Opið erlent netnámskeið fléttað inn í námskeið við Háskóla Íslands

Eiríkur Rögnvaldsson prófessor í Íslensku- og menningardeild HÍ

Haustið 2012 hófst í háskólaráði umræða um margs kyns nýjungar í kennsluháttum sem ný tækni hefur leitt af sér á undanförunum árum. Í framhaldi af þeirri umræðu skipaði háskólaráð starfshóp sem vann að því á vormisseri 2013 „að greina þau tækifæri og áskoranir fyrir kennslu og nám við Háskóla Íslands sem felast í hinni nýju miðlunar- og samskiptatækni“ eins og segir í erindisbréfi hópsins, sem var undir forystu Hjálmtýs Hafsteinssonar dósents í tölvunarfræði. Meginverkefni hópsins var að skoða opin vefnám-skeið (MOOC), athuga framboð þeirra, hvort og hvernig Háskólinn gæti nýtt þau, og hvort skólinn gæti framleitt og boðið slík námskeið.



Eiríkur Rögnvaldsson prófessor í Íslensku - og menningardeild HÍ

Í skýrslu sinni (http://www.hi.is/sites/default/files/mooc_skyrsla_endanleg_mai2013_4.pdf) lagði hópurinn fram nokkrar tillögur um tilraunir og nýbreytni í kennsluháttum, þar á meðal þessa:

Valin verði í tilraunaskyni 2-3 námskeið sem fyrir hendi eru á ólíkum fræðasviðum Háskóla Íslands (t.d. fjölmennir fyrirlestrar á grunnnámsstigi eða lesnámskeið á meistarastigi) og valin erlend opin netnámskeið felld inn í þau, að hluta eða í heild. Sérstök verkefnisstjórn var skipuð til að fylgja eftir tillögum í skýrslunni. Í nóvember 2013 auglýsti hún eftir kennurum sem hefðu hug á „að flétta utanaðkomandi opin netnámskeið inn í námskeið sín á vormisseri 2014“.

Þá stóð svo á að ég hafði nýlega rekist á auglýsingu um opið netnámskeið í gagnamálfræði (*Corpus Linguistics*) frá háskólanum í Lancaster í Bretlandi. Kennarinn var prófessor Tony McEnery sem ég þekkti til og er höfundur bókar sem ég hef stuðst mikið við í námskeiðinu *Tölvur og tungumál* sem ég hef oft kennt í námsbraut í íslensku. Ég átti einmitt að kenna það námskeið á vormisseri 2014 og sá þarna fram á tækifæri til að brjóta það upp og endurnýja og taka jafnframt þátt í spennandi tilraun, þannig að ég gaf mig fram.

Milli jóla og nýárs sendi ég nemendum tilkynningu í gegnum Uglu þar sem ég sagði þeim frá áformum mínum um að taka þátt í þessari tilraun og benti þeim á að skrá sig í námskeiðið *Corpus Linguistics* (<https://www.futurelearn.com/courses/corpus-linguistics>) en skráning var ókeypis. Netnámskeiðið hófst 27. janúar og stóð í átta vikur, en námskeið mitt *Tölvur og tungumál* hófst 14. janúar og stóð í 13 vikur. Fyrstu tvær vikurnar, áður en netnámskeiðið hófst, kenndi ég tvo tvöfalda tíma á viku eins og ég er vanur í þessu námskeiði og eins þrjár síðustu vikurnar eftir að netnámskeiðinu lauk. En þær átta vikur sem netnámskeiðið stóð kenndi ég bara einn tvöfaldan tíma í viku. Ég ætlaðist til að nemendur væru búnir að horfa og hlusta á fyrirlestra vikunnar í netnámskeiðinu áður en þeir kæmu í tímamót mín.

Ég þurfti að skipuleggja námskeið mitt í kringum netnámskeiðið, en gróft skipulag þess lá ekki fyrir fyrr en rétt fyrir jól. Ég reyndi að hagræða því þannig að þau svið sem netnámskeiðið tók ekki til væru tekin fyrir í byrjun og enda námskeiðs míns. Þær átta vikur sem netnámskeiðið stóð yfir reyndi ég svo að nýta tíma mína í tengslum við viðfangsefni þess – fjalla nánar um einstök atriði úr efni þess, tengja það íslensku og íslenskum aðstæðum, o.s.frv. Þetta tókst bærilega, en vissulega hefði verið betra að vita með meiri fyrirvara hvernig netnámskeiðið yrði byggt upp. Þess ber þó að geta að um leið og netnámskeiðið hófst var opnað á öll gögn þess – ekki bara fyrstu vikuna. Það var því möguleiki að búa sig betur undir seinni hluta þess.

Netnámskeiðið var mjög gott. Það byggðist upp af stuttum fyrirlestrum aðalkennarans, fjölvalsprófum úr fyrirlestrunum, umræðuþráðum í tengslum við viðfangsefni vikunnar, lesefni og ýmiss konar aukaefni. Fyrirlestrarnir voru nokkrir í hverri viku, en í mesta lagi 10-12 mínútna langir hver um sig. Fjölvalsprófin voru gagnleg fyrir nemendur til að átta sig á því hversu vel þeir hefðu

tileinkað sér efni fyrirlestranna. Í umræðuþráðunum var varpað fram spurningu eða staðhæfingu sem nemendur áttu að ræða, og aðalkennarinn og aðstoðarkennarar tóku virkan þátt í umræðunum. Lesefnið var yfirleitt tvær greinar eða bókarkafar vikulega. Aukaefnið var af ýmsum toga – upptökur af samræðum aðalkennarans við þekktu fræðimenn á sviðinu, upptökur af tímum á sumarnámskeiði Lancasterháskóla í gagnamálfræði, fyrirlestrar um ýmis sérhæfð viðfangsefni s.s. réttarmálvísindi, kennsla á hugbúnað og gagnasöfn, o.fl.

Ég nýtti mér ekki þá möguleika til námsmats sem boðið var upp á í netnámskeiðinu, heldur sá algerlega um námsmatið sjálfur. Á hinn bóginn gátu nemendur vitaskuld nýtt sér fyrirlestra, lesefni og hugmyndir úr netnámskeiðinu í ritgerðum og fyrirlestrum sem þeir sömdu sem hluta námsmats. Ég skyldaði þá líka til að taka nokkurn þátt í umræðuþráðum netnámskeiðsins sem voru mjög líflgir.

Ekki varð annað fundið en nemendur kynnu þessari nýbreytni vel. Meðaleinkunn námskeiðsins í kennslu könnun var 8,77, sem er vel yfir meðaltali Íslensku- og

Niðurstaða mín er því sú að þessi tilraun hafi tekist mjög vel, og fyllsta ástæða sé til að athuga hvort ekki sé hægt að fara þessa leið í fleiri námskeiðum. Það er þó rétt að hafa í huga að ýmsum skilyrðum þarf að vera fullnægt til að það henti að nýta netnámskeið á þennan hátt. Í mínu tilviki voru aðstæður á flestan hátt hagstæðar:

- Ég hafði kennt námskeiðið *Tölvur og tungumál* nokkrum sinnum áður – þekkti því efnið vel og hafði varaáætlun upp á að hlaupa ef stefnt hefði í óefni með tilraunina.
- Námskeiðið er millistignámskeið (M-námskeið) þar sem nemendur eru komnir vel á veg í námi og hafa öðlast nægilegt sjálfstæði og sjálfstraust.
- Námskeiðið *Corpus Linguistics* smellpassaði inn í námskeiðið mitt – tók að nokkru leyti til efnis sem ég hefði fjallað um hvort eð var, en víkkaði það út á ýmsan hátt.
- Námskeiðið var á hárréttum tíma – mér gafst tækifæri til að koma mínu námskeiði af stað áður en það hófst og til að koma viðbótarefni að eftir að því lauk. Óvíst er að aðstæður séu víða svona hagfelldar. Ég hvet

„Ég hvet samt kennara til að huga vel að því hvort þeir geti ekki nýtt einhver af þeim mikla—og sívaxandi—fjölda netnámskeiða sem nú eru í boði.“

menningardeildar og Hugvísindasviðs (hvorttveggja um 8,1). Í umsögnum nemenda kom líka fram ánægja með fyrirkomulag námskeiðsins, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- „Vel heppnað í alla staði.“
- „Mjög spennandi námskeið þar sem eru farnar ótroðnar slóðir. Mikill sveigjanleiki og áhersla lögð á að nemendur fái það út úr námskeiðinu sem þeir kjósa helst.“
- „Vel skipulagt námskeið og nýjar leiðir farnar.“
- „Áhugaverð og virkilega lærdómsrík verkefni. Skemmtileg nýbreytni að taka þátt í netnámskeiðinu *Corpus Linguistics*. Í alla staði frábært námskeið.“

Neikvæðar athugasemdir voru engar.

samt kennara til að huga vel að því hvort þeir geti ekki nýtt einhver af þeim mikla – og sívaxandi – fjölda netnámskeiða sem nú er í boði. Það er hægt að hugsa sér margs konar aðra nýtingu slíkra námskeiða en að flétta þau inn í eigin námskeið eins og ég gerði, t.d. vísa á þau sem ítarefni, nýta þau í lesnámskeiðum o.fl. Skoðið endilega vefsíður eins og *Coursera* (<https://www.coursera.org/>), *Class Central* (<https://www.class-central.com/>), *FutureLearn* (<https://www.futurelearn.com/>) o.fl. og athugið hvort þið finnið ekki eitthvað gagnlegt.

Að lokum má nefna að námskeiðið *Tölvur og tungumál* er öllum opið á Uglu – https://ugla.hi.is/kv/index2.php?sid=219&namsknr=05401820140&kennsluvefur_efnisatridi=1.

Netnámskeið um sjálfbærni öllum opið

Guðrún Pétursdóttir forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða og dósent við Hjúkrunarfræðideild HÍ

Nýtt þverfræðilegt netnámskeið um sjálfbærni verður í boði á komandi skólaári. Námskeiðið verður tilraunakennt með takmörkuðum hópi nemenda á vormisseri 2015 en frá og með haustmisseri 2015 verður það opið öllum nemendum Háskóla Íslands og öðrum sem hug hafa á. Þetta er inngangsnámskeið um sjálfbærni sem verður í umsjón Stofnunar Sæmundar fróða og námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði.

Það er ekki bundinn við þá sem skrá sig formlega í námskeiðið. Námskeiðið verður í boði frá haustmisseri 2015 og er upplýsingar að finna í kennsluskrá HÍ.

Hvað þýðir orðið „sjálfbærni“? Enska orðið „sustainability“ á við það sem viðheldur sér, gengur til langs tíma, er varanlegt. Kannski nær íslenska þýðingin ekki merkingunni nógu vel, það er einhver blær sjálfspurftarbúskapar yfir orðinu, sem hefur

þvælst fyrir sumum. En hægt og hægt síast merkingin inn og orðið hefur ratað inn í markmið og áætlanir stofnana og fyrirtækja. Þótt orð séu til alls fyrst, duga þau skammt ef látið er sitja við orðin tóm. Hugur og athafnir verða að fylgja máli.

Til að svo megi verða er nauðsynlegt að menn skilji merkingu og mikilvægi þessa hugtaks og hvers vegna svo brýnt er að tryggja sjálfbærni á sem flestum sviðum. Þetta

á ekki aðeins við um sérfræðinga, skilningur á sjálfbærni þarf að verða almennur. Þar hafa menntastofnanir á öllum skólastigum mikilvægu hlutverki að gegna. Eins og oft áður standa leikskólarnir sig með þrýði, leggja góðan grunn að meðvitund barna um jöfnuð, réttlæti, siðgæði og ábyrga umgengni við náttúru og umhverfi. En seinni skólastigum hefur veist erfitt að fylgja þessu eftir og á háskólastigi er fræðsla um þessi brýnu mál takmörkuð við fáein svið.

Það er því fagnaðarefni að Háskóli Íslands hefur sett sér stefnu um sjálfbærni, sem meðal annars felur í sér að kennsla um sjálfbærni verður eflað á öllum sviðum háskólans. Þótt skoða megi sjálfbærni



Guðrún Pétursdóttir. Mynd Gunnar V. Andersen.

Kennarar af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands koma að námskeiðinu auk sérfræðinga utan háskólans. Fjallað verður um mikilvægi sjálfbærni frá líffræðilegu, hagrænu, samfélagslegu og siðferðilegu sjónarhorni og kannað hvernig stuðla má að sjálfbærni á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Námskeiðið á erindi við alla og verður í boði fyrir nemendur í bæði grunn- og framhaldsnámi. Fyrir grunnnema verður eingöngu byggt á fyrirlesturum á netinu, en framhaldsnemar munu að auki taka þátt í málstofum og skila ritgerðum. Allir taka próf með hefðbundnum hætti. Að auki verður aðgangur að fyrirlesturunum frjáls á vefsíðu Háskólans og *Youtu-*

frá sjónarhóli mismunandi fræðasviða, er hún í eðli sínu þverfræðileg og samtvinnuð úr líffræðilegum, hagrænum, samfélagslegum og siðferðilegum þáttum. Grunnurinn er sá sami, þótt ólíkum aðferðum þurfi að beita þegar fram í sækir.

Til eflingar þekkingu á sjálfbærni hefur verið ákveðið að bjóða öllum nemendum Háskóla Íslands og öðrum áhugasömum inngangsnámskeið um sjálfbærni. Um er að ræða fjögurra eininga (ECTS) námskeið, þar sem fyrirlestrar verða aðgengilegir á netinu. Námskeiðslýsingur er að finna í kennsluskrá HÍ. Aðgangur að fyrirlestrum verður frjálst á vefsíðu Háskólans og *Youtube* og ekki bundinn við þá sem skrá sig formlega í námskeiðið.

Fjallað verður um eftirtalda þætti: Forsendur lífs á jörðinni og nauðsyn þess að umgangast umhverfi og auðlindir jarðar með sjálfbærum hætti til að tryggja vel-

ferð til framtíðar. Ástand andrúmslofts, vatns, jarðvegs, lífríkis dýra og gróðurs, ógnir, tækifæri og horfur um þróun þessara auðlinda. Eðli og áhrif veldisvaxtar og takmörk jarðarinnar (e. planetary boundaries). Sjálfbær þróun og mælikvarðar á sjálfbærni. Samspil líffræðilegra, hagrænna, samfélagslegra og siðfræðilegra vídda sjálfbærni. Hverjir eru þröskuldar í vegi sjálfbærrar þróunar og hvað einkennir orðræðu um hana? Hvernig er hægt að stuðla að sjálfbærni með löggjöf, menntun, og breyttri hegðun? Hvernig geta einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir unnið að sjálfbærri þróun, hver er ábyrgð þeirra og ávinningur?

Fyrirlesarar koma frá öllum sviðum Háskólans auk sérfræðinga utan Háskóla Íslands. Námskeiðið verður í umsjá Stofnunar Sæmundar fróða og námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði.

Hvað er góð háskólakennsla?

Í júní sl. varði Anna Ólafsdóttir dósent við Háskólann á Akureyri doktorsverkefni sitt við Mennta- vísindasvið Háskóla Íslands. Heiti verkefnis er „*Hugmyndir háskólakennara um „góða háskólakennslu“ og þættir innan og utan stofnunar sem þeir telja að hafa áhrif á hvernig kennslan fer fram*“. Leiðbeinendur voru Sigurlína Davíðsdóttir prófessor emeritus við Háskóla Íslands og Jón Torfi Jónasson prófessor við Háskóla Íslands. Í ágripi segir: „Í ritgerðinni er greint frá rannsókn sem hafði að meginmarkmiði að greina hvað háskólakennarar álíta „góða háskólakennslu“, hvaða aðstæður í kennslumhverfinu þeir telja nauðsynlegar til að hægt sé að kenna á þann hátt og hvaða þættir, hvort heldur er innan eða utan stofnunar, þeim finnst að ráði því hvort kennslan verði góð. Rannsóknin tengir saman tvö ólík svið rannsókna. Annað hefur nýtt rannsóknir sem skoðað hafa

hvernig háskólanemendur læra. ... Hitt rannsóknarsviðið hefur beint athyglinni að því að lýsa og meta starfsemi háskólastofnana... Með því að tengja þessi svið er athygli beint í senn að háskólakennslu, umhverfi kennslunnar innan stofnunar og að þáttum utan stofnunar sem hafa

áhrif á kennsluna“ (bls. 9). Kennslumiðstöð óskar Önnu til hamingju með doktorsnafnbótina og fagnar rannsóknnum á gæðum kennslu. Doktorsritgerð Önnu er að finna á skemman.is auk þess sem Kennslumiðstöð á eintak.



Anna Ólafsdóttir (t.h.) afhendir Guðrúnu Geirsdóttur eintak af ritgerðinni.

Ritstuldavarnir í íslenskum háskólum

Sigurður Jónsson verkefnastjóri samstarfs háskólanna um ritstuldavarnir


Allir háskólar á Íslandi hafa frá haustmíssi 2011 haft aðgang að ritstuldavörnum með *Turnitin*. Þessi grein birtir staðtölur um notkun *Turnitin* í skólunum til þessa. Birtar eru tölur fyrir HÍ en gefnar tölur frá hinum skólunum til samanburðar án þess að nöfn skóla komi fram.

Höfundur er verkefnastjóri samstarfs háskólanna um ritstuldavarnir. Hver háskóli hefur umsjón með og stýrir eigin notkun. Gengið hefur verið frá greiðslum vegna *Turnitin* fyrir ótakmarkaða notkun til nóvembermánuðar 2016 án aukakostnaðar fyrir skólana. Bæði er hægt að nota *Turnitin* með beinum aðgangi að vefviðmóttinu <http://www.turnitin.com> og með verkefnaskilum á *Moodle*-námskeiðum.

Ritsmíð sem skoðuð er með *Turnitin* er borin saman við eitt eða fleiri textasöfn með (1) verkum stúdenta, (2) efni af vefsíðum og (3) fræðirit. Fyrirfram er ákveðið hvort verkið sem skoðað er bætist í textasafn (1). Kennarar geta sett verkefni til skoðunar án aðkomu stúdenta eða gefið stúdentum færi á að skoða eigin verk meðan þeir skrifa og/eða við lokaskil. *Turnitin* býr til skýrslu sem sýnir samsvaranir við textasöfnin (1) til (3) sem valið var að bera saman við og auðveldar þannig mat á meðferð heimilda.

Fjöldi verka, kennara og stúdenta

Mynd 1 sýnir uppsafnaðan fjölda kennara, stúdenta og verka í *Turnitin* í íslenskum háskólum mánaðarlega frá byrjun janúar



Mynd 1


2012 til loka febrúar 2014. Alls höfðu 374 kennarar lagt inn verk eða haft virk námskeið í *Turnitin*. Lögð höfðu verið inn 8.866 verk 3.389 stúdenta. Aðeins eru taldir stúdentar og starfsmenn sem hafa notað forritið, ekki allir sem fengið hafa aðgang. Mynd 1 sýnir að notkun fer jafnt og þétt vaxandi á haust- og vormíssi en er lítil á sumrin.

Notkun í hlutfalli við stúdentafjölda skóla


Mynd 2 sýnir að fjöldi verka sem HÍ hefur lagt í *Turnitin* nemur 49,2% af stúdentafjölda skólans. Einn íslenskur háskóli hefur hærra hlutfall en HÍ eða 86,3% af stúdentum, en aðrir eru á bilinu 7,1% til 45,8%. Tölurnar sýna að sumir háskólarnir eru komnir vel af stað með ritstuldavarnir, en aðrir styttra.

Mynd 3 sýnir fjölda starfsfólks sem hefur notað *Turnitin* út febrúar 2014 sem hlutfall af stúdentafjölda; í HÍ 1,85 starfsmaður af hundraði stúdenta.

Hinir háskólarnir eru á svipuðu róli eða frá 0,83 til 3,33 starfsmenn á 100 stúdenta.



Mynd 2




Mynd 3

Hlutfall stúdenta sem notar Turnitin

Mynd 4 sýnir hlutfall stúdenta sem hefur skilað verkum í Turnitin. Verk lögð inn án nafns stúdents teljast ekki. Í HÍ hefur verið skilað verkum á nafni 2.573 stúdenta eða 18,6% af 13.850 stúdentum. Samtals hefur verið skilað 8.938 verkum á nafni 3.389 stúdenta í öllum skólunum.


Mynd 4 sýnir að í sex íslenskum háskólum hefur frá um tíunda hverjum stúdent og upp í 25,6% stúdenta sjálfir sett verk í Turnitin, en í einum skóla setja stúdentar sjálfir ekki inn verk.



Mynd 4

Turnitin gegnum Moodle

Auk beins aðgangs að Turnitin tengjast HÍ, Háskólinn á Akureyri og Landbúnaðarháskóli Íslands við Turnitin með Moodle. Mynd 5 sýnir að í HÍ eru verk sem lögð hafa verið inn gegnum Moodle 15,0% af stúdentafjölda. Í hinum skólunum eru samsvarandi tölur 29,9% og 14,8%. Samanburður á Mynd 5 og Mynd 2 sýnir að verk sem lögð eru inn í HÍ gegnum Moodle (15,2% af stúdentafjölda) eru tæpur einn þriðji verka sem lögð hafa verið í Turnitin í HÍ (49,2% af stúdentafjölda).




Mynd 5

Fjöldi verka á ári 2011-2013

Mynd 6 sýnir hve mörg verk voru lögð í Turnitin árin 2011, 2012 og 2013 í íslenskum háskólum. Verkum fjölgaði tæplega 2,5 falt milli 2012 (2.322 verk) og 2013 (5.783 verk).

Fjöldi verka 2012 –2013 eftir mánuðum


Mynd 7 sýnir fjölda verka sem lagður var í Turnitin eftir mánuðum árin 2012 og 2013, hve margir kennarar notuðu kerfið og hve margir stúdentar lögðu inn verk í hverjum mánuði. Notkun stúdenta er mest í mars til maí og september til desember. Notkun kennara dreifist jafnar en er mest í maí.



Mynd 6

Notkun eftir fræðasviðum HÍ

Á myndum 8 til 10 eru tölur um notkun kennara og stúdenta eftir fræðasviðum HÍ á ritstuldarvörnum með Turnitin. Notkun stjórnáslu og stofnana sem ekki tilheyrta fræðasviðum HÍ telst ekki með. Aðeins er talin notkun gegnum www.turnitin.com, ekki notkun gegnum tengingu Turnitin við Moodle.



Mynd 7


Mynd 8 sýnir fjölda innlagna í *Turnitin* eftir fræðasviðum HÍ árin 2012 og 2013. Félagsvísindasvið ber höfuð og herðar yfir önnur fræðasvið bæði árin, en aukning milli ára er hlutfallslega meiri á öðrum fræðasviðum, nema á Verkfræði- og náttúruvísindasviði þar sem innlögðum verkum fækkaði milli ára.

Mynd 9 sýnir fjölda kennara á hverju fræðasviði HÍ sem notaði *Turnitin* árin 2012 og 2013. Fleiri kennarar Félagsvísindasviðs nota *Turnitin* en á hinum sviðunum en aukningin er hlutfallslega mest milli ára á Heilbrigðisvísindasviði og Menntavísindasviði.


Mynd 10 sýnir fjölda stúdenta eftir fræðasviðum HÍ sem notaði sjálfur *Turnitin* árin 2012 og 2013. Árið 2013 notuðu 4,4 sinnum fleiri stúdentar á Félagsvísindasviði en árið 2012. Sambærileg aukning varð á Heilbrigðisvísindasviði og nokkru minni á Menntavísindasviði.

Turnitin sem leiðsagnartæki


Það færir í vöxt að stúdentar hafi sjálfir aðgang að *Turnitin*, geti skoðað skýrslur *Turnitin* og fylgst með að notkun heimilda séu í samræmi við kröfur. Kennari með aðgang að *Turnitin* getur skilgreint verkefnaskil svo stúdent geti ítrekað fengið *Turnitin*-skýrslu til skoðunar í ritunarferlinu. Stúdentar nota þá *Turnitin* sem leiðsagnartæki í samstarfi við leiðbeinendur meðan þeir skrifa. *Turnitin* getur eftir sem áður verið hluti af lokamati ef leiðbeinendur óska.



Mynd 8



Mynd 9




Mynd 10

Aukning í skönnun fjölvalsprófa við Háskóla Íslands


Anna Kristín Halldórsdóttir verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hefur séð um úrlestur fjölvalsprófa frá því að hún tók til starfa árið 2001. Prófunum hefur fjölgað mikið á milli ára og er nú svo komið að í maímánuði og desember sinnir einn starfsmaður engu öðru en skönnun og útreikningi prófa. Misjafnt er hversu langan tíma tekur að skanna og reikna út próf og fer það eftir fjölda nemenda og fjölda spurninga í prófi. Þannig er t.d. próf með 150 nemendum og 20 spurningum fljótara í vinnslu en próf með 80 nemendum og 60 spurningum. Skönnun prófs (í skanna) getur tekið frá hálf tíma og upp í eina og hálf klst. Að skönnun lokinni tekur við útreikningur prófs og ræðst tíminn sem útreikningur tekur einnig af fjölda nemenda og prófspurninga. Stærstu prófin geta tekið rúmlega tvo tíma í heildarvinnslu.




Anna Kristín Halldórsdóttir

Fjöldi skannaðra prófa (blaða)



Mynd 1

Fjöldi prófa



Mynd 2

Fjölgun skannaðra blaða frá árinu 2008 til ársins 2013 er tæplega 8.000 blöð, sjá mynd 1. Til gamans má geta þess að fjöldi blaða í desember 2013 var 7.070 en það eru alls 80 próf.

Fjöldi prófa hefur einnig aukist mjög mikið eða um 163 próf á milli áruna 2006 og 2013: Úr 133 prófum árið 2006 í 296 próf árið 2013, sjá mynd 2.

Með þetta í huga er ekki úr vegi að velja fyrir sér hver næstu skref séu hvað varðar rafræn próf við Háskóla Íslands. Nú þegar nýta margir kennarar sér Moodle-námsumsjónakerfið til rafrænna prófa. Forritarar reiknistofnunar hafa þróað prófakerfi sem notað er í tölvuverum skólans. Það gefur kost á lokuðu umhverfi þar sem aðgangi er stýrt að einstökum forritum eins og t.d. *Excel*. Í desember verða rúmlega 20 próf haldin í tölvuverum og próftökur þar verða um 1.500. Úrlausnir nemenda skila sér á heimasvæði kennara. Helsti ókostur rafræns prófakerfis Háskólans er að það virkar ekki á fartölvum nemenda. Danska kerfið *Wiseflow* er hins vegar sérstaklega hannað með fartölvur í huga og þar er gefinn kostur á próftöku í opnu eða lokuðu umhverfi. Í lokaða umhverfinu er ekki hægt að nota fartölvuna til annars en taka prófið. Helsti ókostur *Wiseflow* er sá að ekki er hægt, enn sem komið er, að stýra aðgangi að öðrum forritum. Það er t.d. ekki hægt að opna fyrir aðgang að *Excel*. Samið hefur verið um prufuáðgang að *Wiseflow* fyrir HÍ og u.þ.b. 15 kennarar munu prófa kerfið á haustmíssi 2014. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort *Wiseflow* bætist í þá forritakistu sem kennarar hafa aðgang að.

Upptökur í eMission


Anna Kristín Halldórsdóttir verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð HÍ

Um mitt árið 2007 byrjaði Háskóli Íslands að nota eMission upptökur við kennslu og hafði þá verið krafa um aðgang að slíkum búnaði í nokkurn tíma. Í dag er eMission-forritið sett upp í öllum kennslustofum og fjöldi kennara er með búnaðinn á einkatölvu sinni. Boðið er upp á aðstoðu til upptöku í tveimur hljóðklefum, annars vegar hjá Kennslumiðstöð á Aragötu 9 og hins vegar á Menntavísindasviði í Stakkahlíð, en þar vinnur starfsmaður Kennslumiðstöðvar m.a. við að aðstoða kennara við upptökur.


Fyrsta árið fór hægt af stað en kerfið var tekið í notkun í júlí. Tölurnar hér til hliðar eru frá 2008-2013 til þess að hægt sé að miða við heilt ár. Fjöldi upptaka árin 2008-2013 er alls 33.171 sem skiptist á milli ára líkt og mynd 1 sýnir.

Meðallengd hvernar upptöku hefur haldist nokkurn veginn sú sama á milli ára, sjá mynd 2. Þetta bendir til þess að meginnotkun á eMission-forriti sé til að taka upp heilar kennlustundir. Þetta kann að breytast þar sem upptökur tengdar vendikennslu færast nú í aukana. Slíkar upptökur eru töluvert styttri, ákjósanleg lengd skv. fræðunum eru átta til tíu mínútur hver upptaka. Þannig er efnið bútað niður í stutta búta til að auðveldara sé að vinna með það.


eMission-upptökur njóta töluverðra vinsælda ef marka má áhorfstölur, en á þessum árum hafa upptökurnar verið sóttar alls 1.307.946 sinnum eða rúmlega 200.000 sinnum á ári. Nemendur segja að það veiti þeim ákveðið öryggi að hafa aðgang að upptökum af kennslustundum til að geta farið yfir m.a. fyrir próf.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

FRÉTTIR AF FRÆÐASVIÐUM HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

Kennslunefnd á Menntavísindasviði heitir kennsluráð. Nýtt ráð var skipað haustið 2013 og eiga þar sæti: Guðrún Eysteinsdóttir kennslustjóri, Helgi Reyur Guðmundsson nemi, Ingvar Sigurgeirsson prófessor (formaður ráðsins), Kolbrún Pálsdóttir lektor, Kristín Jónsdóttir lektor, Steinunn Helga Lárusdóttir dósent og Þuríður Jóhannsdóttir dósent. Varámennt eru Hrönn Pálmadóttir lektor og Þórdís Þórðardóttir lektor.

Meðal fyrstu verkefna ráðsins var að efna til rýnihópa fundu með kennurum. Á þessum fundum var rætt um kennsluna á sviðinu, hvað vel væri gert og hvað mætti betur mætti fara. Þessum fundum verður væntanlega fram haldið á þessu skólaári.

Ráðist var í könnun á viðhorfum kennara á sviðinu til kennslukönnunar Háskólans. Lesa má um helstu niðurstöður hennar í annarri grein hér í blaðinu (sjá bls. 16). Ráðið leggur mikla áherslu á að nýta niðurstöður könnunarinnar með markvisisari hætti en verið hefur og að farið verði að settum verklagsreglum um framkvæmd hennar, en á því hefur verið misbrestur. Bæta þarf svörun og tryggja samræður um niðurstöður, meðal annars við nemendur.

Mat kennsluráðs er að ófullnægjandi sé að treysta einvörðungu á niðurstöður kennslukannana og nýta þurfi aðrar aðferðir samhliða. Ráðið hefur því lagt til að matsfundir með nemendum verði fastur liður á

öllum námsbrautum skólans.

Fram hefur komið að skipulag námskeiða á Menntavísindasviði er mjög fjölbreytilegt, sem skýrist m.a. af sögu og mikilvægi fjarnáms við sviðið og KHÍ áður. Greining á kennsluáætlunum haustsris 2013 leiddi meðal annars til þess að ráðist var í gerð sniðmáts fyrir kennsluáætlanir sem lagt verður til að kennarar noti. Einnig verður lagt til að kennarar birti kennsluáætlanir á opnum vef Háskólans, t.d. í tengslum við lýsingar á námskeiðum í Kennsluskrá. Tilgangurinn er margþættur, en birting kennsluáætlana ætti að geta nýst jafnt nemendum, kennurum og stjórnsýslu skólans með ýmsum hætti.

Ráðið efnir til reglulegra hádegisþjallfunda (nefndir Kveikjur) þar sem kennarar á sviðinu eða gestir deila reynslu sinni. Þar höfum við meðal annars rætt nýtingu samfélagsmiðla í kennslu, notkun fjarfundakerfa, reynslu af samstarfi milli deilda og nýtingu kennslukannana.

Eitt stærsta málið sem ráðið vann að á liðnu skólaári var að tryggja aðgang að góðu vefkennsluumhverfi. Nokkrir kennarar á sviðinu höfðu haft

aðgang að vefráðstefnukerfinu *Adobe Connect* í tengslum við alþjóðasamstarf og í ljósi góðrar reynslu þeirra af því ákvað ráðið að kanna möguleika á að fá það í notkun. Skemmst er frá því að segja að starfsmenn Reiknistofnunar brugðust afar vel við þessari málaleitan og er niðurstaðan sú að allir kennarar, aðrir starfsmenn og nemendur Háskólans geta nú nýtt sér þetta kerfi fyrir fjarkennslu eða fjarfundi. Þeim sem vilja fræðast um kerfið er bent á upplýsingar á þessari slóð: <https://menntasmidja.hi.is/adobe-connect/>.

Á því skólaári sem nú fer í hönd munu margir kennarar á Menntavísindasviði prófa *Adobe Connect* og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvort það verður ein af meginstöðum fjarnámsins og annarrar vefstuddrar kennslu.

Framundan eru fjölmörg krefjandi viðfangsefni. Auk þess að fylgja eftir þeim verkefnum sem nefnd eru hér að ofan hefur stjórn sviðsins falið ráðinu sérstaklega að fjalla um fyrirkomulag námskeiða og móta tillögur um æskilega skipan þeirra.

Ingvar Sigurgeirsson, formaður Kennsluráðs Menntavísindasviðs

Háskólakennsla í takt við tímann

Guðrún Geirsdóttir deildarstjóri Kennslumiðstöðvar HÍ og dósent á MVS

Fyrir nokkrum árum var ég stödd á kynningu á notkun kennsluvefs Uglunnar. Í kaffihléinu kom til mín miðaldra háskólakennari. „Ég á þrjú ár í eftirlaun“ hvíslaði hann að mér angistarfullur, „heldurðu að ég nái ekki að sleppa við þessa upplýsingatækni?“ Upplýsingatæknin er skrytín skepna. Ég þekki ekki einn einasta háskólmann sem gæti lifað daginn af án þess að komast á netið, sækja sér gögn og skrifa tölvupósta, en þegar rætt er um notkun þessarar tækni í kennslu fer okkur að fatast flugið og við verðum óörugg. Ekki skánar tilveran þegar talið berst að blandaðri kennslu—hvað er það eiginlega? Fyrsta verkefni þátttakenda

prófessors í Stjórn málafræðideild, sem fengið hafði styrk úr Kennslumálasjóði til að efla upplýsingatækni í kennslu.

Linda Price er prófessor í upplýsingatæki í kennslu við Opna háskólann í Bretlandi en Rasmus Blok er ráðgjafi við kennslumiðstöð Víska- og Félagsvísindasviðs Árósaháskóla í Danmörku. Bæði hafa langa reynslu af því að styðja við innleiðingu upplýsingatækni í háskólum. Námskeiðið sóttu 50 háskólakennarar frá fimm háskólum. Verkefni dagsins var að skilgreina vanda í háskólakennslu og leita svo leiða til að leysa hann t.d. með aðstoð upplýsingatækninnar. Aðferðafræðin var áhugaverð og í

blönduðu námi. Ráðstefnan var hluti af samstarfsverkefni opinberu háskólanna um upplýsingatæki í kennslu sem styrkt var af Háskólasjóði og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni fjallaði Linda Price um blandaða kennslu og Rasmus Blok um stofnanalega innleiðingu slíkrar kennslu. Amalía Björnsdóttir (HÍ), Guðrún Helgadóttir (Hólar) og Þuríður Jóhannsdóttir (HÍ) sögðu frá þróun fjarkennslu og blandaðs náms. Vefurinn sambland.is var formlega opnaður en markmið með þeim vef er að draga saman á einn stað upplýsingar og fræðslu um upplýsingatækni innan opinberu háskólanna. Að loknum erindum voru tvær samhliða

málstofur þar sem kennarar opinberu háskólanna deildu reynslu sinni af nýtingu upplýsingatækni þar kom ýmislegt fram. Sagt var frá tilraunum til fjarnáms í stjórn málafræði og þjóðfræði við HÍ og iðjubjálfunarfræði við HA, frá hópprófum í fjar- og staðnámi, notkun MOOC-námskeiða í hefðbundnum námskeiðum og notkun forrita eins og *Big Blue Button* og *Socrative* í kennslu og Kolbrún Friðriksdóttir kynnti *Icelandic Online*. Notkun upplýsingatækni í verkgreinum og hönnun í tvívídd og þrívídd var kynnt.

Ráðstefnan var vel sótt og í lok hennar var nokkuð ljóst að það eru ekki allir háskólakennarar hræddir við upplýsingatæknina heldur taka henni fagnandi sem verkfæri til að gera góða kennslu betri.

Upptökur af erindum og málstofum má finna á vef Kennslumiðstöðvar, kemst.hi.is.



Rúnar Sigurðsson, Sigurður Jónsson og Anna Kristín Halldórsdóttir verkefnastjórar hjá Kennslumiðstöð kynna Samblandsvef.

á námskeiði Lindu Price og Rasmus Blok 28. apríl sl. um skipulag blandaðra námskeiða var að skilgreina hugtakið „blönduð kennsla“. Námskeiðið var haldið að frumkvæði kennarahóps innan Háskóla Íslands, undir forystu Ómars H. Kristinssonar

flestum hópum vildu kennarar finna leiðir til að virkja nemendur betur í námi. Í námskeiðslok vorum við margs vísari.

Daginn eftir námskeið var boðið til ráðstefnunnar *Háskólakennsla í takt við tímann – færni og tækifæri í*

FRÉTTIR AF FRÆÐASVIÐUM HÁSKÓLA ÍSLANDS

Kennslunefnd VoN veturinn 2013 til 2014 skipuðu Hjálmtýr Hafsteinsson (IVT) formaður, Hreggviður Norðdahl (JVD), Katrín Anna Lund (LUD), Helgi Þorbergsson (RTV), Einar Örn Sveinbjörnsson (RVD) og Guðmundur Freyr Úlfarsson (UB). Nemendafulltrúar voru Sigurgeir Ólafsson og Arnar Snædal. Þá var starfsmaður nefndarinnar Guðrún Helga Agnarsdóttir kennslustjóri hjá VoN.

Í upphafi starfa sinna fékk nefndin mjög ítarlegt skipunarbréf frá stjórn sviðsins. Í því komu fram helstu verkefni nefndarinnar, farið var yfir stefnu fræðasviðsins í kennslumálum og sniðmát sett fram fyrir markmiðsetningu nefndarinnar. Nefndin fundaði yfirleitt á þriggja vikna fresti sl. vetur. Á fundunum var fjallað um þau mál sem voru efst á baugi á hverjum tíma auk þess sem nefndinni bárust erindi frá einstökum kennurum, deildum og stjórn sviðsins. Meðal erinda sem nefndin fjallaði um voru aðgangspróf fyrir háskólasviðið, nýting á könnunarprófi í stærðfræði og samræming á reglum um fjölvalspróf.



HÁSKÓLI ÍSLANDS VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Snemma á haustmísserinu var haldið stutt námskeið í kennslufræði fyrir dæmatímakennara fræðasviðsins. Þetta er í annað sinn sem námskeiðið er haldið og er það í samvinnu við Kennslumiðstöð HÍ. Flestir dæmatímakennarar sviðsins eru eldri BS nemendur eða meistaranemar og oft er þetta frumraun þeirra í kennarahlutverkinu. Um 30 nemendur tóku þátt í námskeiðinu og lýstu þeir yfir mikilli ánægju með námskeiðið og sögðu það nýtast þeim vel í starfi sem dæmatímakennarar.

Haustið 2013 var samræmd miðmísseriskennslukönnun lögð fyrir í fyrsta sinn í Háskóla Íslands. Hún þótti ekki takast alveg nógu vel. Margir nemendur og kennarar vissu ekki af henni, svo að þátttakan var

ekki mikil. Auk þess virtust fáir kennarar nýta sér niðurstöðurnar til að bregðast við ábendingum. Kennslunefnd VoN ákvað því að reyna að auka skilning kennara sviðsins á mikilvægi könnunarinnar fyrir vormísserið 2014. Sent var út bréf til allra kennara sviðsins, með nánari upplýsingum um könnunina, svo sem dagsetningar, hvar niðurstöðurnar væri að finna o.s.frv. Auk þess voru ýmsar ábendingar um hvernig best væri að nýta sér niðurstöðurnar. Það er ekki endilega nauðsynlegt að gera breytingar á námskeiði í kjölfar gagnrýni, heldur er oftast nóg að útskýra betur tilgang einstakra þátta í kennslunni. Þetta virðist hafa haft einhver áhrif því þátttaka nemenda í könnuninni á vormísserinu var 36% á móti 22% á haustmísserinu. Auk þess var VoN með áberandi best þátttökahlutfall allra sviða HÍ á vormísserinu. (Umfjöllun um miðmísseriskönnun er að finna í blaðinu á bls. 14.)

Hjálmtýr Hafsteinsson, formaður kennslunefndar VoN

Kennslufræði háskóla

Sífelld stækkað hópur háskólakennara sem lagt hafa stund á kennslufræði háskóla. Um 20 kennarar hófu nám í kennslufræði háskóla nú á haustdögum— meðfylgjandi mynd er tekin á fyrsta kennsludegi þeirra. Kennararnir koma frá Háskóla Íslands— frá öllum fræðasviðum, Háskólanum á Bifröst, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Við hlökkum til að vera með þeim í vetur.



Moodle

2.6

Kristbjörg Olsen verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð

Námssumsjónakerfið *Moodle* hefur verið uppfært úr útgáfu 2.4 í 2.6. Margar breytingar hafa verið gerðar í kerfinu bæði í *Moodle* 2.5 og 2.6. Hér verða aðeins taldar upp þær allra helstu sem snúa að nemendum og kennurum. Á moodle.org er hægt að kynna sér breytingarnar nánar. http://docs.moodle.org/dev/Moodle_2.5_release_notes
http://docs.moodle.org/dev/Moodle_2.6_release_notes

Þegar á heildina er litið má segja að tekið hafi verið svolítið til í *Moodle*. Hlutir sem minna eru notaðir settir inn í skáp en það sem mest er notað haft við höndina. Á Kennslumiðstöðvar-Vimeo er að finna stutt myndband um breytingarnar: <https://vimeo.com/90848664>

Breytt viðmót og betri stuðningur við snjalltæki

Á þessu kennsluári er fyrirhugað nota nýtt sniðmát í *Moodle* sem sérstaklega er gert fyrir *Moodle* 2.6. Nýja sniðmátið gerir *Moodle* kleift að laga sig að skjástærð notandans (e. responsive theme) og á því að virka vel í snjalltækjum.

Sniðmátið „Clean Theme“ fylgir með kerfinu. Sniðmátið byggir á „bootstrap“ hönnun frá Twitter, en hún bregst við skjástærð notandans með því að endurraða efni vefsíðunnar. Þannig hentar sama sniðmátið öllum skjástærðum en áður þurfti að setja upp sérstakt sniðmát í *Moodle* fyrir síma og töflur. Nú er komið meira úrval af slíkum sniðmátum t.d. *Essential* gert af Julian (Moodleman) Ridden, sem mun verða notað í HÍ, og *Aardvark* eftir Shaun Daubney.

Námskeiðsvefur


Viðmót námskeiðsvefsins þegar farið er í ritunarham er orðið hreinn og einfaldara. Þetta er gert með því að hafa hluta aðgerðahnappa (tákna) hulda (sjá mynd 1) en aðrir hnappar eru aðgengilegir á lista undir „breyta“. Breytingin auðveldar einnig notkun *Moodle* á snjalltækjum.



Mynd 1 „Færa“ táknið hefur verið sett vinstra megin, „Breyta titill“ er á sama stað og áður en aðrir hnappar vegna atriðis eru nú aðgengilegir í lista undir „Breyta“.

Breytt uppsetningarform

Hönnun forma hefur verið breytt þannig að þegar verkefnaskil, próf eða annað er sett upp birtast einungis algengustu stillingar formsins en aðrir möguleikar eru felldir saman, sjá mynd 2.



Mynd 2 Til að fá upp valmöguleika er smellt á örvar.

Stílhreinni ritill

Ritli *Moodle* hefur verið breytt. Hann birtir nú einungis þá hnappa sem mest eru notaðir en aðrir eru faldir, sjá mynd 3.



Mynd 3 Til að sjá alla hnappa ritilsins þarf að smella á hnappinn lengst til vinstri.

Verkefni

Í verkefnaskilum *Moodle* er að finna ýmislegt áhugavert. Verkferli námsmats (e. marking workflow). Verkferli námsmats er nýr möguleiki í uppsetningu verkefnis og snýst um að merkja á hvaða stigi námsmatið er. Þannig skapast yfirsýn yfir hvar námsmatið er stadd við nafn hvers nemanda. Í boði er að velja:

- * Ekki metið – einkunnagjöf ekki hafin.
- * Mat stendur yfir – unnið er í einkunnagjöf.
- * Einkunnagjöf lokið – búið að gefa einkunn en eftir að fara yfir (lagfæra).
- * Í skoðun – umsjónarkennari metur einkunn.
- * Tilbúið til útgáfu - umsjónarkennari hefur staðfest einkunn en hún er enn ekki aðgengileg nemanda.
- * Útgefið – nemandi hefur aðgang að einkunn/endurgjöf.


Úthlutun námsmats (e. marking allocation)

Kennari getur úthlutað mati á verkefni til mismunandi kennara. Þannig að kennari A meti verkefni ákveðinna nemenda en kennari B meti verkefni annarra.

Endurgjöf skráð í skjal nemandans í Moodle

Ef nemandi skilar *pdf*-skrá í verkefnaskilum getur kennari sett athugasemdir sínar í skjal nemandans inn í *Moodle* (sjá mynd 4). Ekki þarf að hlaða niður skjalinu. Nemandi getur svo opnað eigin verkefnaskil og skoðað athugasemdir kennarans inni í *Moodle*. Athugasemdir kennarans eru vistaðar í afriti af upprunalegu skjali nemandans þannig að frumskjalið er geymt óbreytt.

Pdf-verkefnaskil voru áður sem viðbót í *Hí-Moodle* en í útgáfu 2.6 var *pdf*-verkefnaskilum bætt við grunn kerfisins.



Mynd 4 Á myndinni hefur kennari sett athugasemdir inn í verkefnaskil nemandans í Moodle. Nauðsynlegt er að nemandi skili *pdf*-skrá til að þetta sé mögulegt.

Próf

Möguleiki er á því að láta *Moodle* vista úrlausn nemenda með ákveðnu millibili á meðan á próftöku stendur. Þetta þarf kerfisstjóri að stilla og er það gert fyrir kerfið í heild. Hægt er að velja um að prófúrlausnir séu vistaðar á 5, 2 eða á einnar mínútu fresti. Áður vistuðust úrlausnir nemenda eingöngu við hvert „klikk“ t.d. í hvert skipti sem nemendur fóru á nýja síðu í prófum.

Möppur

Möppur hafa gengið í gegnum nokkra þróun í síðustu útgáfum af *Moodle*. Frá og með útgáfu 2.4 er mappa ásamt undirmöppum sýnd snyrtilega á einni síðu þar sem notandinn getur opnað og lokað einstökum undirmöppum eða opnað allar. Í útgáfu 2.5 er gengið enn lengra. Nú er mögulegt að láta möppu ásamt undirmöppum, annað hvort birtast á sér síðu (líkt og áður) eða birta þær beint á forsíðu námskeiðsins.



Mynd 5 Frá og með Moodle 2.5 er mögulegt að birta möppu ásamt undirmöppum beint á forsíðu námskeiðsins, einnig er hægt að stjórna því hvort möppurnar birtist þar opnaðar eða lokaðar.

Badges

„Badges“ eru merki sem hægt er að veita nemendum og tengja t.d. lokum verkefna eða annarra viðfanga í *Moodle*. Nemendur fá þá merki þegar þeir hafa lokið við verkefni, náð prófi eða uppfyllt einhver önnur skilyrði. Nemendur geta birt merkin sem þeir hafa fengið á „prófilnum“ sínum.

Aragata 9—nýtt húsnæði Kennslumiðstövar

Í byrjun maí flutti Kennslumiðstöð úr aðstöðu sinni á 2. hæð í íþróttahúsi HÍ þar sem hún hafði verið frá upphafi starfsemi árið 2001, í rúmgott húsnæði að Aragötu 9. Flutningurinn tókst í alla staði vel og er það ekki síst að þakka frábærum starfsmönnum Framkvæmda- og tæknisviðs HÍ.



Nýtt húsnæði hefur breytt miklu fyrir starfsemi Kennslumiðstöðvar þar sem nú gefast aukin tækifæri til að bjóða kennara velkomna í miðstöðina sjálfa en það var nær ógerningur sökum þrengsla á gamla staðnum. Ágætt kennslurými er í húsinu og eru vinnustofur og fyrirlestrar nú haldin að Aragötunni. Þar er aðbúnaður til fjarfundar bæði með *Adobe Connect*-fjarfundakerfinu og hefðbundnu fjarfundakerfi. Garðurinn í kringum húsið eykur á gæðin—ómetanlegt er að standa upp frá verkefnum, vinnustofunni eða hverju sem það er og setjast út í kaffi—þó ekki sé nema í smá stund—og drekka í sig sólina og útiloftið.

Bókasafn Kennslumiðstöðvar hefur fengið sinn sess á nýja staðnum og nýjar bækur bætast

sífelld í bókakostinn. Kennslumiðstöð leggur sig fram um að eiga góðar bækur varðandi flest það sem gagnast gæti kennurum í kennslu. Hægt er að fá bækurnar lánaðar.

Upptökur á námsefni eru töluverður hluti af starfsemi Kennslumiðstöðvar, ekki síst eftir að vendikennsla komst í umræðuna og hefur sannað gildi sitt. Upptökulefi hefur verið innréttaður í nýja húsnæðinu og eru kennarar duglegir að nýta sér hann og njóta tæknilegs stuðnings starfsfólks miðstöðvarinnar við upptökur.

Starfsmenn eru afar ánægðir með nýju aðstöðuna þar sem rýmra er um þá en á gamla staðnum og auðveldara er því fyrir þá að aðstoða kennara, hvort heldur það er í gegnum síma eða á skrifstofu. Einhverjar áhyggjur voru af því fyrirfram að færri kennarar leituðu sér aðstoðar á nýja staðnum en þeim gamla þar sem miðstöðin færðist óneitanlega fjær miðju háskólasvæðisins við flutninginn á Aragötuna. Þessar áhyggjur voru óþarfar því mun fleiri koma á Aragötuna en komu til okkar í íþróttahúsið. Það er helst að starfsmenn sakni þess að tölvuskjái þeirra hoppi ekki upp af og til þegar einhver hendir frá sér lóðum líkt og venja var á föstudagseftirmiðdögum í íþróttahúsinu. Það er þó huggun harmi gegna að líkur eru á því að skjáirnir endist eitthvað lengur hér á Aragötunni!



Velkomin í kennslubankann

Nýr banki hefur verið opnaður á háskólasvæðinu. Í þann banka er að vísu ekki hægt að sækja neina peninga heldur ýmis konar fróðleik. Kennslubankinn er opin alhliða upplýsingaveita um kennsluafni í tölfræði og stærðfræði. Kennarar á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands geta lagt inn efni í bankann og má þar m.a. finna kennslumyndbönd,

skjámyndir, hlekki á gagnvirkar æfingar, kóða fyrir tölfræðiforrit og gögn til að nota við kennslu. Nemendur geta flett upp námsefni eftir námskeiðum, aðferðum, tungumáli sem og forriti.

Kennslubankinn var unnin af tölfræðinemunum Evu Dögg Steingrimsdóttur og Magneu Rún Vignisdóttur undir handleiðslu Önnu Helgu

Jónsdóttur doktorsnemanda í stærðfræði við VoN og Sigrúnu Helgu Lund rannsóknasérfræðings í lýðheilsufræði við HÍ, fyrir styrk úr Kennslumálasjóði og Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Áhugasömum er bent á vefsíðu bankans sem er kennslubanki.hi.is

Nýir kennarar við Háskóla Íslands

Góður hópur nýrra kennara frá flestum fræðasviðum Háskólans heiðraði okkur með nærveru sinni síðsumars á kynningardegi fyrir nýja kennara við Háskóla Íslands. Við ræddum saman um nám og kennslu á háskólastigi, hvernig það er að vera nýr kennari við skólann og hvers þeir vænta af starfinu. Misjafnt var hvort kennarar höfðu reynt af kennslu, sumir voru að byrja á meðan aðrir

höfðu töluverða kennslureynslu—allir höfðu sitt fram að færa og við erum þakklát fyrir að þeir deildu reynslu sinni með okkur.

Í hádegishléinu gafst kennurum tími til að ræða við starfsmanna- og kennslustjóra fræðasviða um málefni sem tengjast hverju fræðasviði fyrir sig yfir léttum hádegisverði í boði miðstöðvarinnar. Náms- og starfsráðgjöf og Landsbókasafn Íslands—

Háskólabókasafn kynntu okkur þjónustu sína og Kristbjörg Olsen veitti innsýn í námsumsjónarkerfin Uglu og Moodle.

Nýtt húsnæði Kennslumiðstöðvar að Aragötu 9 í Reykjavík hefur töluverða kosti umfram fyrra húsnæði í íþróttahúsi Háskólans, það má m.a. sjá á meðfylgjandi mynd þar sem kennarahópin nýtur morgunsólarinnar í tükaffinu í garðinum.



Hér er ýmislegt að gerast

Námskeið og vinnustofur

Þróun kennsluhátta við Háskóla Íslands er meginmarkmið Kennslumiðstöðvar HÍ og vinnur hún að því með ýmsum hætti, t.d. heldur hún úti öflugri námskrá sem mótast af því sem efst er á baugi í kennslumálum við skólann hverju sinni svo og þörfum deilda eða fræðasviða. Í vetur leggur Kennslumiðstöð áherslu á fyrirlestra og vinnustofur um fjölbreytta kennsluhætti, endurgjöf í stórum hópum, vinnuálag í námskeiðum, ráð til að virkja nemendur í stórum hópum, gerð kennslu-/námsáætlana, upptökur í kennslu og hæfniviðmið svo að fátt eitt sé nefnt. Að auki býður Kennslumiðstöð kennurum í kennslukaffi einu sinni í mánuði. Kennslukaffi er óformlegur en mikilvægur vettvangur fyrir kennara til að hittast og ræða um kennslu. Frekari upplýsingar og skráning er á heimasíðu Kennslumiðstöðvar www.kemst.hi.is.

efni á netinu. Kennarar geta sjálfir sett ritgerðir inn í forritið svo og veitt nemendum sínum aðgang að því.

Kynningar á *Turnitin*-forritinu eru á námskrá Kennslumiðstöðvar í vetur. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu miðstöðvar-innar www.kemst.hi.is.

Kennslumálaping

Kennslumiðstöð hefur unnið með Stúdentaráði, kennslumálanefnd háskólaráðs og gæðanefnd HÍ að því að halda kennslumálaping sl. þrjú ár. Þingin eru orðin fastur liður í dagskrá háskólans og þar mætast nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans og ræða saman um nám og kennslu. Kennslumálaping er haldið á vormisseri ár hvert.

Verkefnavaka

Kennslumiðstöð hefur tekið þátt í skipulagningu verkefnavöku sem haldin hefur verið sl. tvö ár í marsmánuði. Verkefnavaka er vettvangur fyrir nemendur til að fá aðstoð við verkefni sín á óhefðbundnum tíma skólans. Háskólinn, s.s. Bókasafn, Náms- og starfsráðgjöf, fulltrúar fræðasviða og ritver, bjóða fram krafta sína til aðstoðar nemendum. Verkefnavaka er upp úr miðjum marsmánuði ár hvert og er auglýst sérstaklega. Vakan hefur mælst vel fyrir hjá nemendum og er því beint til kennara að hvetja nemendur sína til þátttöku.

Menntakvika og Þjóðarspegill

Málþing með áhugaverðum fyrirlestrum m.a. um háskólakennslu og starf háskólakennara. Tvær málstofur verða um kennslufræði háskóla á Menntakviku í ár, en þar kynna kennarar úr diplómanámsleið í háskólakennslufræði rannsóknir sínar.

Menntakvika

Staður: Stakkahlíð

Stund: 3. október, kl. 9:20-17:00

Þjóðarspegill XV: Ráðstefna í félagsvísindum

Staður: Háskólatorg og Gimli

Stund: 31. október, kl. 9:00-17:00



Sífelld færast í aukana að deildir eða fræðasvið leiti til Kennslumiðstöðvarum fræðslu. Þá eru vinnustofur og námskeið sérsniðin að þörfum þeirra og aðstæðum. Forsvarsmönnum deilda og fræðasviða er bent á að hafa samband við Kennslumiðstöð vegna slíkrar samvinnu.

Turnitin-ritstuldarforrit

Háskólar á Íslandi hafa samstarf um að gefa kennurum og nemendum tækifæri til að vinna með *Turnitin*-forritið til að koma í veg fyrir ritstuld. Forritið ber saman rigerðir nemenda við fyrri verk stúdenta, rafræn gagnasöfn og

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands



Anna Kristín Halldórsdóttir
(annakris@hi.is, s. 525 4220)
er verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð og ber ábyrgð á daglegum rekstri, gæðamálum og leiðbeiningagerð. Anna Kristín vinnur einnig að gerð fræðsluefnis og heldur námskeið á vegum Kennslumiðstöðvar.



Elva Björg Einarsson
(elvab@hi.is, s. 525 4292)
er verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð og hefur m.a. umsjón með fræðslustarfi og ritstjórn vefs og uppsetningu fréttablaðs. Elva Björg heldur námskeið, vinnur við gerð fræðsluefnis auk þess að hlusta eftir röddum nemenda fyrir deildir og kennara.



Grettir Sigurjónsson
(grettir@hi.is, s. 525 5164)
er tæknistjóri hjá Kennslumiðstöð. Hann sér um kerfisstjórnun og hefur umsjón með fjarfundum og fjarfundabúnaði háskólans auk þess að fylgjast með og kynna nýjungar í kennslubúnaði. Grettir sér einnig um upptökur fyrir kennara og viðburði við skólann.



Guðrún Geirsdóttir
(gudgeirs@hi.is, s. 525 4574) er deildarstjóri Kennslumiðstöðvar og dósent í námskrár- og kennslufræðum á Menntavísindasviði. Hún stýrir faglegu starf iðstöðvarinnar, hefur umsjón með námsleið í háskóla-kennslufræði, veitir kennslufræðilega ráðgjöf og kennir ýmis námskeið um kennslufræði.

Gústav K. Gústavsson
(gustav@hi.is, s. 525 5935) er tæknimaður hjá Kennslumiðstöð en starfsstöð hans er á Menntavísindasviði. Hann hefur umsjón með fjarfundum, leiðbeinir og aðstoðar við upptökur á kennslu og eftirvinnslu og veitir almenna tækniástoð vegna kennsluforrita.



Kristbjörg Olsen
(kriol@hi.is, s. 525 5247) er verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð. Hún hefur umsjón með Moodle, býr til leiðbeiningar, hannar vefi og veitir notendum aðstoð í Moodle og kennsluvef Uglu. Kristbjörg er leyfi á haustmisseri 2014.




Nanna Höjgaard Grettisdóttir
(nannahg@hi.is, s. 525 4279) er fulltrúi hjá Kennslumiðstöð. Hún hefur umsjón með námsumsjónarvefunum Moodle og Uglu í fjarveru Kristbjargar. Nanna aðstoðar einnig við upptökur og upptökuforrit.



Rúnar Sigurðsson
(runarsig@hi.is, s. 525 4447) er verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð. Hann hefur umsjón með framkvæmd kennslukönnunar HÍ og samstarfsverkefni ríkisháskólanna um blandað nám. Að auki veitir hann aðstoð í Moodle og kennsluvef Uglu og sinnir stuðningi vegna tæknistudrar kennslu.



Sigurður Jónsson
(sigjons@hi.is, s. 525 4966, 899 4959) starfar við ritstuldarvarnir háskóla á Íslandi og samstarfsverkefni opinberu háskólanna um þjónustu við kennslu.





HÁSKÓLI ÍSLANDS

KENNSLUMIÐSTÖÐ

Aragötu 9, 101 Reykjavík

Sími: 525 4447, netfang: kemst@hi.is

Heimasíða: www.kemst.hi.is

Útgefandi: Kennslumiðstöð HÍ

Ritstjóri og ábyrgðarmanneskja: Guðrún Geirsdóttir

Uppsetning og umsjón: Elva Björg Einarsdóttir

Forsíðumynd: Anna Kristín Halldórsdóttir

Prófarkalestur: Sigurður Jónsson

ISSN 2298 6030